

SAMRUNASKRÁ

VEGNA KAUPA SKELJUNGS HF. Á ÖLLU HLUTAFÉ Í PORT I EHF.

I. KAFLI

Stutt lýsing samruna

1. Samrunaskrá þessi er tekin saman af Skeljungu hf., kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Skeljungur**“), og lýtur að kaupum þess á öllum hlutum í Port I ehf., kt. 680319-0730, Suðurgötu 12, 101 Reykjavík („**Port I**“), af félögunum Barone I ehf., kt. 681116-1840, Suðurgötu 12, 101 Reykjavík („**Barone I**“) og Ameya ehf., kt. 551118-0880, Vesturbrún 2, 104 Reykjavík („**Ameya**“). Kaupsamningur var undirritaður 27. nóvember sl. og er meðfylgjandi á fskj. 3.
2. Með kaupnum eignast Skeljungur alla hluti í Port I en enginn rekstur er í félaginu. Það er hins vegar eignarhaldsfélag Löðurs ehf., kt. 580912-0280, Fiskislóð 29, 101 Reykjavík („**Löður**“) og Dælnnar ehf., kt. 460918-0570, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík („**Dælan**“). Ekki er um að ræða samruna í félagaréttarlegum skilningi, heldur samkvæmt b-lið 1. mgr. 17. gr., sbr. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Ekki liggur fyrir hvort Port I verði sameinað Skeljungu alfarið eða rekið áfram sem sérstakt dótturfélag.
3. Engin lárétt skörun er í starfsemi samrunaaðila nema að því leyttinu til að Skeljungur og Dælan selja bæði eldsneyti í smásölu á höfuðborgarsvæðinu. Skeljungur starfar jafnframt á öðrum stigum olíumarkaðarins og kaupir eldsneyti í heildsölu, sér að meginstefnu sjálft til um birgðahald og dreifingu þess og selur á þjónustustöðvum. Dælan kaupir eldsneyti og alla þjónustu tengdri dreifingu og birgðahaldi af Festi hf. Fyrirhugað er að Skeljungur taki yfir þau viðskipti og með því geti samruninn haft einhver lóðrétt áhrif á olíumarkaðinn. [REDACTED]
4. Löður er eini samrunaaðilinn sem starfar á markaði fyrir rekstur bílaþvottastöðva. Þá flytja bæði Löður og Skeljungur inn hreinsiefni til bílaþvottar í takmörkuðum mæli og teljast því hafa starfsemi á markaði fyrir innflutning og sölu á þeim efnum. Skeljungur flytur inn lítið magn af rúðuvökva auk annarra smærri hreinsiefna, s.s. bílabóns og eru vörurnar nær eingöngu til sölu á Orkustöðvum. Allur innflutningur á hreinsiefnum Löðurs er til nota í eigin rekstri, að undanskildu óverulegu magni sem einstaka bílaleigur kaupa í heildsölu. Þá kaupir Dælan rúðuvökva sem Mjöll-Frigg framleiðir. Rúðuvökvinn er seldur í smásölu á eldsneytisstöðvum þess. Fyrirhugað er að Skeljungur kom til með að sjá um innflutning Löðurs og Dælan hætti í viðskiptum við N1 hvað þetta varðar. Samrunaaðilar telja þessa yfirfærslu á viðskiptum og viðbót Skeljungs í markaðshlutdeild vegna þeirra komi ekki til með að raska samkeppni á markaði fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum til bílaþvottar, sbr. síðari umfjöllun.
5. Samkvæmt þessu er bæði um að ræða láréttan samruna (á markaði fyrir smásölu eldsneytis og innflutning á hreinsiefnum til bílaþvottar) og samsteypusamruna. Það er mat samrunaaðila að samruninn hindri ekki virka samkeppni þar sem hann leiðir hvorki til myndunar né styrkingar á markaðsráðandi stöðu sameinaðs félags. Þá geti samruninn ekki talist raska samkeppni að

¹ Allar upplýsingar sem birtar eru innan hornklofa eru háðar trúnaði að mati samrunaaðila og verða felldar brott í eintaki án slíkra upplýsinga.

öðru leyti á neinum markaða málsins með umtalsverðum hætti, líkt og 1. mgr. 17. gr. c. samkeppnislaga gerir kröfu um. Samkvæmt því telja samrunaaðilar ekki ástæðu til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins.

6. Tilkynning þessi er send á grundvelli 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Samruninn hefur ekki komið til framkvæmda og hefur samrunagjald verið greitt (fskj. 2). Samrunaaðilar óska þess að trúnaðar verði gætt í heild sinni um samrunaskrána og fylgiskjöl hennar, sbr. 17. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 með síðari breytingum. Jafnframt eru viðkvæmar upplýsingar sem varða mikilvæga viðskiptahagsmuni auðkenndar með skáletri og birtar innan hornklofa. Þær hafa verið fjarlægðar í eintaki án trúnaðarupplýsinga.

II. KAFLI

Grunnupplýsingar um samrunaaðila

2.1. Heiti og pósthfang samrunaaðila

7. Aðilar samrunans eru sem áður segir:
 - Skeljungur hf., kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík,
 - Port I ehf., kt. 680319-0730, Suðurgötu 12, 101 Reykjavík,
 - Barone I ehf., kt. 681116-1840, Suðurgötu 12, 101 Reykjavík,
 - Ameya ehf., kt. 551118-0880, Vesturbrún 2, 104 Reykjavík,
 - Löður ehf., kt. 580912-0280, Fiskislóð 29, 101 Reykjavík og
 - Dælan ehf., kt. 460918-0570, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík.

2.2. Starfsemi samrunaaðila

2.2.1. Starfsemi Skeljungs

8. Skeljungur hf. er fjölkufélag sem er skráð í Kauphöll og lýtur dreifðu eignarhaldi, sbr. síðari umfjöllun. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess verslun með bensín, olíur og annan skyldan varning, svo og hvers konar viðskipti með aðrar vörur, bæði í smásölu og heildsölu. Ennfremur lánstarfsemi, rekstur fasteigna, skipa, þjónustustöðva og annar atvinnurekstur, eða þátttaka í atvinnurekstri, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.
9. Markmið félagsins er að þjónusta orkupörf einstaklinga og fyrirtækja. Skeljungur selur eldsneyti og olíu til einstaklinga og fyrirtækja í sjávarútvegi, landbúnaði, landflutningum, flugi og til verktaka. Skeljungur selur einnig áburð og ýmsar aðrar efnavörur, s.s. vörur til bílaþvottar. Vörur og þjónusta fyrirtækisins eru seld undir vörumerkjunum Skeljungur, Orkan, Orkan X og Sprettur - áburður.
10. Starfsemi félagsins má skipta í fimm megin flokka:
 - i. Orkugjafir; jarðefnaeldsneyti, vetni, metan, olíur og tengdar vörur
 - ii. Rekstur fasteigna, birgðastöðva og dreifingar
 - iii. Smásala

- iv. Útleiga fasteigna
 - v. Aðrar vörur
11. Skeljungur rekur 64 bensínstöðvar á Íslandi undir merkjum Orkunnar, sem er vörumerki félagsins, en ekki sérstakt félag. Þar af eru tvær fjölorkustöðvar, þar sem auk jarðefnaeldsneytis er selt vetni, metan og rafhleðsla á farartæki. Allt frá stofnun Orkunnar árið 1994 hefur félagið verið leiðandi í lágum verðum á eldsneytismarkaðnum. Skeljungur dreifir jafnframt eldsneyti til stórnotenda sem ekki geta nálgast það á afgreiðslustöðvum, s.s. sjávarútvegsfyrirtækja, flugfélaga og verktaka.
 12. Dótturfélög Skeljungs eru níu talsins, þ.e. Basko, Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Barkur ehf., Íslenska vetnisfélagið ehf., Bensínorkan ehf., 26 fasteign ehf. og Langholt ehf., ásamt P/F Magn og P/F Demich sem eru bæði með starfsemi í Færeyjum.
 13. Dótturfélagið Basko rekur samtals 19 þægindaverslanir þar sem áhersla er lögð á gott aðgengi, langan opnunartíma og vöruval sem miðar við þarfir þeirra sem þurfa að grípa með sér vörur á ferðinni. Þar af eru 14 Kvikk verslanir við bensínstöðvar Orkunnar og þrjár verslanir undir merkjum 10-11. Jafnframt rekur Basko eina verslun undir nafninu Kvosin og þrjár Extra verslanir sem eru staðsettar á Barónsstíg, Akureyri og Keflavík.
 14. Ekki er ástæða til að fjalla nákvæmlega um Tollvörugeymslu Skeljungs ehf., kt. 53110-0310, Borgartúni 26, en heiti félagsins er lýsandi fyrir starfsemi þess.
 15. Barkur ehf., kt. 550310-1040, Borgartúni 26 fer með eignarhald að 1/3 hluta olíuprammans Barkar sem þjónustar Faxaflóasvæðið. Að öðru leyti fer Skipaþjónusta Skeljungs hf. með eignarhald. Pramminn er hluti af skipaþjónustu Skeljungs fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, hvort sem um útgerð eða vinnslu er að ræða. Með honum er eldsneyti dælt til skipa þegar þau liggja við höfn.
 16. Íslenska vetnisfélagið ehf., kt. 570715-0700, Borgartúni 26, er samstarfsverkefni með norska fyrirtækinu Nel ASA og fer Skeljungur með 90% hlut á móti 10% Nel ASA. Verkefnið er liður í uppbyggingu vetnisstöðva á Íslandi til að mynda innviði fyrir notkun vetnisbifreiða.
 17. Bensínorkan ehf., kt. 600195-2129, Borgartúni 26 heldur utan um eina eign á Austurströnd á Seltjarnarnesi. Félagin 26 fasteign ehf., kt. 550817-0470, og Langholt ehf., kt. 410799-2869, Borgartúni 26 tengjast þægindaversluninni Baulunni í Borgarfirði. Annað félagið heldur utan um verslunarhúsnæðið en hitt um rekstur þess. Skeljungur á bæði félagin að fullu. [REDACTED].]
 18. Dótturfélagið P/F Magn rekur 11 smásölu- og bensínstöðvar víðsvegar um Færeyjar. Áhersla er lögð á góða þjónustu ásamt fjölbreyttu vöruúrvali. Félagið er leiðandi í sölu á eldsneyti til húshitunar í Færeyjum, en þar er mikill meirihluti fasteigna hitaður upp með olíu. Magn býður upp á alhliða þjónustu við bæði heimili og fyrirtæki, þar sem viðskiptavinir skrá sig í áskrift að þjónustunni. Magn keypti nýlega félagið P/F Demich sem sérhæfir sig í umhverfisvænum lausnum til húshitunar. Í kjölfarið mun Magn bjóða upp á heildarlausnir í þessari þjónustu, óháð orkugjafa sem viðskiptavinir kjósa. Magn rekur einnig tvær birgðastöðvar í Færeyjum.

2.2.2 Starfsemi Barone I

19. Barone I er einkahlutafélag og er eigandi [] hluta eða samtals [] af heildarhlutafé í Port I. Tilgangur Barone I er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánstarfsemi og skyldur rekstur. Félagið starfar á markaði fyrir fjárfestingastarfsemi.
20. Hluthafar eru []. Tveir einstaklingar skipa stjórn félagsins, Jón Sigurðsson og Einar Örn Ólafsson sem jafnframt er stjórnarformaður. Hlutaféð skiptist milli hluthafa í eftirfarandi hlutföllum:

Hluthafar	Hlutfall útgefina hluta (í %)
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]
Samtals	100,0%

21. Hluthafar í Barone I fara hvorki með bein né óbein yfirráð í öðrum félögum í rekstri sem telst tengdur starfsemi Dællunnar. Hins vegar á [] hlut í Festi hf., en svo líttill eignarhlutur leiðir ekki til nokkurra yfirráða. Hlutafjáreigninni fylgir ekki dagleg aðkoma að rekstri Festi hf. og þá eru engir aðilar tengdir [] í stjórn Festi hf.
22. Barone I fer einnig með [] eignarhlut í GP Holding ehf., sem á allt útgefið hlutafé í Gámaþjónustunni ehf. Á grundvelli hluthafasamkomulags sem í gildi er milli hluthafa í því félagi, Barone og SÍA III slhf., hefur Barone neitunarvald gagnvart tilteknum ákvörðunum innan GP Holding og í dótturfélögum þess. Með vísan til þess mætti halda því fram að hluthafar GP Holding ehf. fari sameiginlega með yfirráð yfir því félagi.² Ekki er tilefni til að fjalla frekar um þessa hlutafjáreign. Samrunaaðilar telja ekki ástæðu til að fjalla frekar um félagið í samrunaskrá þessari.

2.2.3 Starfsemi Ameya

23. Ameya er eigandi [] hluta eða samtals []% af heildarhlutafé í Port I. Eini eigandi Ameya er Elísabet Jónsdóttir, sem er framkvæmdastjóri Löðurs. Hvorki félagið né Elísabet eiga hluti í öðrum félögum sem starfa á sama markaði eða öðrum mörkuðum tengdum rekstri samrunaaðila. Samrunaaðilar telja ekki ástæðu til að fjalla frekar um félagið í samrunaskrá þessari.

2.2.4 Starfsemi Port I

24. Port I er eignarhaldsfélag og var stofnað í þeim tilgangi að fjárfesta í öðrum félögum sem hafa

² Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 37/2017 *Kaup GP Holding ehf. á öllu hlutafé í Gámaþjónustunni ehf.*

rekstur með höndum. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið er eignarhaldsfélag Löðurs og Dælunnar, sbr. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 6 og 16/2019.

2.2.5 Starfsemi Löðurs

25. Löður er einkahlutafélag og er tilgangur þess bílaþvottur, smurþjónusta og önnur skyld þjónusta við bílaeigendur, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið er þjónustufyrirtæki sem rekur 15 bílaþvottastöðvar, þar af 13 á höfuðborgarsvæðinu, eina í Reykjanesbæ og aðra á Akureyri. Löður býður upp margvíslega aðstöðu til þrifa á bifreiðum. Allar stöðvar Löðurs eru í lokuðum eða yfirbyggðum rýmum. Ellefu stöðvar eru sjálfvirkar og á fimm þeirra eru þvottarými þar sem viðskiptavinurinn getur þrifið sjálfur gegn mínútagjaldi. Allar stöðvarnar eru mannláusar að undanskildum stöðvunum við Fiskislóð og Dalveg. Fjórir starfsmenn eru í eftirliti alla daga á mannláusum stöðvum félagsins.
26. Stjórn félagsins er skipuð Einari Erni Ólafssyni. Varamaður er Jón Sigurðsson. Framkvæmdastjóri er Elísabet Jónsdóttir.

2.2.6 Starfsemi Dælunnar

27. Dælan er einkahlutafélag, sem var stofnað árið 2018 í tengslum við kaup Einis ehf. á vörumerkinu „Dælan“ og tilteknum eldsneytisstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, lausafé og samningum og Festi hf. í kjölfar skilyrða ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019. Einar Örn Ólafsson er stjórnarmaður félagsins og Áslaug Einarsdóttir er varamaður. Framkvæmdastjóri er Elísabet Jónsdóttir.
28. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Frekari grein verður gerð fyrir starfsemi samrunaaðila í umfjöllun um markaði málsins.

2.3 Tengiliður

29. Samkvæmt umboði á fskj. 1 er tengiliður samrunaaðila gagnvart Samkeppniseftirlitinu:

Hildur Leifsdóttir, hdl.,
Mörkinni lögmannsstofu hf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
sími 414-4110
netfang: hildur@law.is

III. KAFLI

Upplýsingar um samrunann

3.1 Aðdragandi samrunans

30. Í ársbyrjun 2019 keypti Einir ehf. Dæluna ehf. af Festi hf. svo sem kunnugt er (sjá kaupsamning og viðauka á fskj. 4). Skömmu síðar keypti Barone I ehf., sem er í eigu [REDACTED] auk fleiri aðila, fyrirtækið Löður ehf. Í kjölfarið var rekstur Dælnnar og Löðurs færður undir Port I ehf. til að ná fram samlegðaráhrifum, sem að einhverju leyti tókst.

31. [REDACTED]

32. [REDACTED]

33. [REDACTED]

34. [REDACTED]

35. Skýringar á slæmu gengi Dællunnar má að einhverju leyti finna í staðsetningum stöðvanna og nálægðar við Costco, sem býður upp á lægsta verðið á höfuðborgarsvæðinu. Sýnir það í hnotskurn hversu mikil áhrif innkoma Costco hefur haft á samkeppni á markaðnum og neysluvenjur höfuðborgarbúa. Einungis fáum mánuðum eftir sölu Dællunnar til núverandi eigenda, opnaði N1 auk þess eldsneytisstöð fyrir utan Krónuna í Lindarhverfi. Sú stöð er mitt á milli Dællustöðvanna við Salaveg og Hæðarsmára. Eldsneytisverð á N1 stöðinni við Krónuna er undantekningarlaust með því lægsta á svæðinu. Meðal annars af þessum sökum er Dællunni erfitt að stunda samkeppni á eðlilegum forsendum við aðra aðila á markaðnum.
36. Í gegnum tíðina hefur verið erfitt fyrir nýjan aðila að festa sig í sessi á olíumarkaðnum eins og fram kom í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015 vegna markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaðnum. Aðgangshindranir hafa verið taldar miklar, m.a. vegna hás stofnkostnaðar, minnkandi eftirspurnar og stefnu Reykjavíkurborgar í skipulagsmálefnum um að fækka bensinstöðvum.³ Yrði Skeljungu gert að loka stöðvum myndi það hafa merkjanleg og veruleg áhrif á samkeppnisstöðu félagsins. Með því að festa kaup á stöðvum Dællunnar og færa undir merki Orkunnar, er líklegra að Skeljungur nái að halda hlutdeild sinni og velja betur hvaða stöðvar skuli leggja niður eða selja frá sér.
37. Hér má minna á að helstu keppinautar Skeljungs eru nú orðnir hluti af stórum viðskiptaveldum á ótengdum eða lítið tengdum mörkuðum og hafa því ekki öll eggin í sömu körfunni lengur. Í athugasemdum Skeljungs til Samkeppniseftirlitsins við samrunaskrár vegna kaupa smásölurisanna á olíufélögunum N1 og Olís var farið yfir ýmsar hættur sem félagið taldi leiða af báðum samrununum. Sú hætta virðist hafa raungerst að einhverju leyti. Til að mynda hafa verið reistar eldsneytisstöðvar á lóðum við Bónus og Krónuna sem eru afar mikilvægar staðsetningar. Viðskiptavinahópurinn er sá sami og felast í því veruleg þægindi fyrir neytendur að geta gengið frá matarinnkaupum og eldsneytisviðskiptum á sama tíma. Í þessu sambandi má benda á að Skeljungur taldi líklegt að Reitir og Hagar myndu segja upp leigusamningum Skeljungs á vissum lóðum til þess að koma eigin olíufélögum fyrir. Þá getur varla leikið á því vafi að Bónus og Krónan styðja vel við rekstur samstæðanna sem þær tilheyra enda er um að ræða stærstu aðilana á einum mikilvægasta neytendamarkaðnum og velti Bónus um 60 milljörðum á síðasta ári.⁴ Í samanburði er bent á að Skeljungur [REDACTED]
[REDACTED] Bónus og Krónan styðja hins vegar vel við Olís og N1. Meðal annars í þessu ljósi telur Skeljungur nauðsynlegt að renna frekari stoðum undir rekstur sinn á olíumarkaðnum og sækja jafnframt á ný en tengd mið með kaupum á Löðri.

3.2 Tilgangur og markmið samrunans

38. Markmið samrunans er samkvæmt framangreindu tvíþætt. Annars vegar að tryggja stöðu Skeljungs á olíumarkaðnum með því að taka yfir rekstrareiningar Dællunnar og samþætta við eigin rekstur. Hins vegar telur Skeljungur mikilvægt að styrkja rekstur sinn með kaupum á Löðri, enda eru bifreiðar og þrif á þeim þjónusta sem tengist eldsneytismarkaðnum.

³ Sjá umfjöllun á bls. 146 í skýrslunni.

⁴ Sjá frétt í ViðskiptaMogganum frá 10. febrúar 2021 á slóðinni:

https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2021/02/10/bonus_veltir_60_milljordum/

39.

[REDACTED]

40. Samruninn styrkir þannig rekstur Skeljungs í harðri samkeppni á olíumarkaðnum, auk þess sem neytendur munu njóta samlegðaráhrifa í formi betri þjónustu, óbreyttri eða betri staðsetningu á stöðvum o.s.frv. Verulegar breytingar hafa átt sér stað á markaðnum á undanförunum misserum, s.s. samdrátt í eftirspurn eftir jarðefnaeldsneyti og áherslu á orkuskipti í samgöngum. Engar vísbendingar eru um annað en að sú þróun sé komin til að vera. Því er augljóst að olíufélögin þurfa að leita leiða til þess að gera rekstur sinn fjölbreyttari og styrkja hann með viðbótum sem fara vel saman við rekstur eldsneytisstöðva. Keppinautar Skeljungs og Dælnnar hafa undanfarið keypt félög sem styðja við rekstur á orkumarkaðnum og höfða til þarfa viðskiptavina þeirra á eldsneytisstöðvum. Hér má m.a. vísa til kaupa N1 hf. á rekstri og eignum fjögurra veitingastaða Skyrboozt ehf. (ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2020), kaupa Festi hf. á Íslenskri orkumiðlun ehf. (ákvörðun nr. 22/2020) og kaupa Olíuverzlunar Íslands ehf. á Mjöll-Frigg ehf. (ákvörðun nr. 17/2020).

3.3 Lýsing á eðli samrunans

41. Um er að ræða samruna í skilningi b. liðar 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, þar sem Skeljungur mun með kaupum á Port I eignast bæði Löður og Dæluna. Samrunaferlið hefst ekki fyrr en samþykki Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort Port I verði áfram rekið sem dótturfélag Skeljungs eða því slitið í kjölfarið án skuldaskila.

42. Enginn samrunaaðila hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð, að undanskildum stuðningi [REDACTED]

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

43. Samkvæmt ÍSAT atvinnugreinaflokkun er starfsemi Skeljungs í flokki 46.71.0 fyrir heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti og skyldar vörur.

44. Dælan ehf. er skráð í flokk 68.10.0 Kaup og sölu á eigin fasteignum, en virðisaukaskattsnúmerið er í ÍSAT flokki 47300 Bensínstöðvar. Löður ehf. er skráð í ÍSAT flokk 45.20.4 Bón- og þvottastöðvar.

45. Ítrekað er að eina beina skörunin í starfsemi samrunaaðila er í smásölu eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir að Skeljungur flytji inn hreinsiefni fyrir bílaþvott og selji í smásölu á tilteknum þjónustustöðvum og í heildsölu til annarra útsölumanna, þá er innflutningur Löðurs eingöngu fyrir eigin bílaþvottastöðvar. Löður og Dælan kaupa tiltekin hreinsiefni frá N1 og Mjöll-Frigg, eins og síðar verður rakið.

3.5 Kaupverð hins keypta og umfang sameinaðra eigna

46.

[REDACTED]

[REDACTED] Til fyllingar er vísað til ársreikningar samrunaaðila fyrir samrunann.

3.6 Upplýsingar um veltu síðastliðið reikningsár

47. Velta Skeljungs árið 2019 vegna starfsemi á Íslandi var [REDACTED] milljónir kr. Velta Skeljungs á erlendum mörkuðum (Færeyjum) var [REDACTED] milljónir kr.
48. Enginn rekstur er í félögunum Barone I, Ameya og Port I. Þau hafa því enga veltu, hvorki hér á landi né á erlendum mörkuðum. Velta Löðurs árið 2019 var [REDACTED] milljónir kr. skv. ársreikningi. Velta Dælnnar árið 2019 var [REDACTED] milljónir kr. skv. ársreikningi. Hvorugt félagið hefur veltu á erlendum mörkuðum.

3.7 Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif og/eða hinar viðskiptalegu forsendur samrunans.

49. Í lið 3.2 var helstu markmiðum aðila með samrunanum. Ljóst er að [REDACTED] Þannig mun Skeljungur geta tekið við rekstri Dælnnar án mikils tilkostnaðar, enda er [REDACTED] Viðskiptalegar forsendur samrunans felast því einkum í [REDACTED]. Samruninn tryggir að rekstrareiningar Dælnnar verði áfram nýttar í samkeppni á markaðnum. Þannig er samruninn til þess fallinn að styrkja starfsemi Skeljungs og stöðu þess í samkeppni við stærri aðila á markaðnum. Bætt samkeppnisstaða og fjölbreyttari starfsemi með viðbót Löðurs leiðir til ábóta fyrir neytenda í formi betri og víðtækari þjónustu þar sem hægt er að nálgast fjölbreytta bílatengda þjónustu á sama stað. Það getur einnig dregið úr kolefnisspori neytenda, sem verður að teljast jákvætt.

IV. KAFLI

Eignarhald og yfirráð

4.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti.

4.1.1 Skeljungur

50. Skeljungur er hlutafélag og er skráð í íslensku kauphöllinni. Tíu stærstu hluthafar Skeljungs eru eftirfarandi:⁵

Eigandi	Eignarhlutur
Strengur hf.	48,81%
Gildi lífeyrissjóður	10,08%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	8,23%

⁵ Sjá upplýsingar á slóðinni: <https://www.skeljungur.is/staerstu-hluthafar> Upplýsingar sóttar 18. febrúar 2021 og miðast við viðskipti í lok dags 11. febrúar 2021. Heildarfjöldi hluta er 1.985.675.666.

Birta lífeyrissjóður	6,73%
Festa lífeyrissjóður	5,06%
Lífsverk lífeyrissjóður	3,40%
Stapi lífeyrissjóður	3,38%
Skeljungur hf.	2,50%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,26%
Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna	1,21%
Samtals 10 stærstu	90,66%

51. Strengur hf., kt. 411020-1500, Bræðraborgarstíg 16, 101 Reykjavík, er stærsti hluthafi Skeljungs með 48,81% af heildarhlutafé. Að frádregnum eigin hlutum Skeljungs sem eru án atkvæðisréttar (2,5%) á Strengur 50,06% og fer með meirihluta í félaginu. Eins og Samkeppniseftirlitinu er kunnugt um gerði Strengur hf. opinbert yfirtökuboð til hluthafa Skeljungs þann 6. desember 2020 í samræmi við ákvæði X. og XI. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. meðfylgjandi tilboðsyfirlit (fskj. 6).
52. Með yfirtökuboðinu jókst hlutur Strengs hf. úr 38% í 40,56%, þar sem einungis hluthafar sem ráða yfir 2,56% hlutafé tóku tilboðinu. Að öðru leyti er um niðurstöður tilboðsins vísað til tilkynningar Skeljungs til Kauphallarinnar frá 5. janúar 2021 (fskj. 7).
53. Strengur hf. keypti í kjölfarið fleiri hluti og fer nú með atkvæðisrétt yfir samtals [REDACTED] hlutum, eða sem nemur 50,06% atkvæða, sbr. tilkynning til Kauphallarinnar vegna viðskipta fjárhagslegra tengdra aðila frá 7. janúar 2021 (fskj. 8). Stjórnarformaður Strengs hf. er Jón Ásgeir Jóhannesson. Nánar verður fjallað um Streng og eigendur félagsins í lið 4.2.
54. Stjórn Skeljungs er skipuð Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, sem er jafnframt formaður hennar og er Birna Ósk Einarsdóttir varaformaður. Aðrir stjórnarmeðlimir eru Þórarinn Arnar Sævarsson, Elín Jónsdóttir og Dagný Halldórsdóttir.⁶ Aðalfundur félagsins fer fram 4. mars nk. og ljóst er að breytingar eiga eftir að eiga sér stað þar sem Elín Jónsdóttir gefur ekki kost á sér áfram. Meðfylgjandi er skýrsla tilnefningarnefndar um þá sjö einstaklinga sem eru í framboði til stjórnar Skeljungs og kosið verður um á aðalfundi félagsins 4. mars nk. (fskj. 9).⁷

4.1.2 Port I

55. Hluthafar Port I eru líkt og áður greinir Barone I sem á [REDACTED]% af heildarhlutafé og Ameya sem heldur á [REDACTED]% hluta í félaginu. Þegar hefur verið fjallað um eignarhald, skipan stjórnar og eignatengsl félaganna í kafla 2.2 hér að framan.

4.2 Fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum:

a) samrunaaðila;

56. Í lið 2.2.1 hér að framan eru talin upp öll þau fyrirtæki sem eru undir yfirráðum Skeljungs með beinum hætti á grundvelli eignarhalds. Skeljungur hefur ekki yfirráð yfir öðrum félögum í skilningi samkeppnisréttar.

⁶ Sjá má nánari upplýsingar um stjórnarmeðlimi á heimasíðu Skeljungs: <https://www.skeljungur.is/stjorn>

⁷ Skýrslan er einnig aðgengileg á heimasíðu Skeljungs: <https://www.skeljungur.is/hluthafafundur-2021>

57. Aðrir samrunaaðilar hafa ekki yferráð yfir öðrum félögum en þeim sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, hvorki með beinum né óbeinum hætti.

b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 4.1.

58. Önnur fyrirtæki sem tilgreind eru í lið 4.1. eru **Strengur hf.** sem fer með meirihluta í Skeljungu. Strengur hefur ekki yferráð yfir öðrum félögum í skilningi samkeppnisréttar, hvorki bein né óbein. Strengur hf. er dótturfélag Strengs ehf. (Strengur Holding), kt. 410920-1230, Bræðraborgarstíg 16, 101 Reykjavík (fskj. 10). Aðdragandi yfirtökutilboðs Strengs hf. var að félögin **RES 9 ehf.**, kt. 590318-0940, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („RES 9“), 365 hf., kt. 480702-2390, Laugavegi 1b, 101 Reykjavík („365“) eða **dótturfélag í eigu 365 auk RPF ehf.**, kt. 510108-1160, Skeifunni 17, 108 Reykjavík („RPF“) komu sér saman um samstarf í skilningi 1. og 2. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Samstarfsaðilarnir lögðu fram eignarhluti sína í Skeljungu til Strengs Holding. Í kjölfarið stofnaði Strengur Holding dótturfélagið Streng hf., sem var endanlegur tilboðsgjafi og hélt utan um hluta af eignarhlutum í Skeljungu. Strengur hf. telst aðili í samstarfi í skilningi 100. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

59. Eigendur **RES 9 ehf.**, sem á 38% hlut í Streng Holding eru Sigurður Bollason og Nanna Björk Ásgrímsdóttir. Þau eiga einnig RES II ehf., kt. 470417-0560, Skildinganesi 24, sem heldur á [REDACTED] hlutum í Skeljungu til viðbótar.

60. **RPF ehf.** á 24% í Streng Holding. Félagið er í eigu Gunnars Sverris Harðarsonar og Þórarins Arnars Sævarssonar, sem eru einnig meðal eigenda fasteignasölnunnar RE/MAX. Þórarinn er stjórnarmaður í Skeljungu og Streng hf. Fyrirkomulagi eignarhalds hans á RPF ehf. er lýst á bls. 5 í skýrslu tilnefningarnefndar (fskj. 9).

61. **365 hf.** er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Á fskj. 11 má sjá útrentun úr Lánstrausti yfir þau fyrirtæki sem eru í eigu 365 og stærð eignarhluta í hverju tilviki. Félagið á einnig 69,1% hlut í **M25 Holding ehf.**, kt. 491219-0680, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík sem aftur á 38% hlut í Streng hf. Aðrir hluthafar í M25 Holding ehf. eru Bleiksá ehf. (23,2%), Huginn ehf. (7,2%) og DIDA Holding ehf. (0,5%).

4.3 Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði, ásamt afritum af öllum samningum og öðrum gögnum sem kunna að tengjast þessu samstarfi.

4.3.1 Skeljungur

62. Skeljungur á í viðskiptum við Olíudreifingu ehf. („**ODR**“) í formi leigu á birgðarými á Ísafirði, Patreksfirði og Grundarfirði. Vegna skilyrða sem Samkeppniseftirlitið setti annars vegar kaupum Haga hf. á Olíuverzlun Íslands hf. og hins vegar kaupum Festi hf. á N1 hf. mun Skeljungur einnig geta leigt birgðarými á Hornafirði og Vopnafirði. Auk þess leigir Skeljungur birgðarými af Icelandic Tank Storage ehf. í Helguvík, en eignarhald þess skiptist til helminga á milli Atlantic Tank Storage ehf. og ODR.

63. Þá kaupir Skeljungur þjónustu af ODR en skipið Keilir sem er í eigu þess, flytur eldsneyti fyrir Skeljung til Ísafjarðar, Patreksfjarðar og Vestmannaeyja auk lítills magns til Grundarfjarðar.

Þegar nauðsynlegt er kaupir Skeljungur jafnframt þjónustu Keilis á Faxaflóasvæðinu. Með ákvörðun nr. 14/2020 var Skeljungu og ODR veitt tímabundin undanþága á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga í ljósi fordæmalausra aðstæðna vegna COVID-19. Undanþágan lýtur að samstarfi aðila um dreifingu eldsneytis á afmörkuðum landsvæðum þegar og ef til þess kemur að veikindi eða aðrar takmarkanir af völdum kórónaveirunnar geti hamlað nauðsynlegri dreifingu eldsneytis á eldsneytisstöðvar eða til viðskiptavina. Samstarfið geti reynst nauðsynlegt til að tryggja órofinn rekstur, á þeim landsvæðum þar sem félögin hafi fáa starfsmenn.

64. Auk dótturfélaga Skeljungs sem greint var frá í kafla 2 á félagið hlut í nokkrum öðrum fyrirtækjum sem starfa á einstökum undirmörkuðum olíumarkaðarins. Þau eru eftirfarandi:

Fyrirtæki	Hluttur Skeljungs
EBK ehf.	25%
EAK ehf.	33%
Fjölver ehf.	33%

65. Eignarhald EBK (Eldsneytisbirgðastöðin á Keflavíkurflugvelli) skiptist með jöfnum hætti á milli Skeljungs, N1 hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og Icelandair hf. en hvert félag fyrir sig á 25% hlut. Þá eru bæði EAK (Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli) og Fjölver ehf. í jafnri eigu N1 hf., Skeljungs og Olíuverzlunar Íslands hf.
66. Skeljungur starfrækir olíuprammann Bark á Faxaflóasvæðinu og fer Barkur ehf. með eignarhaldið á honum sem Skeljungur á að 2/3 hlutum en Skipaþjónusta Skeljungs hf. 1/3 hluta eignarhaldsins. Pramminn sinnir að jafnaði eingöngu afgreiðslum á Faxaflóasvæðinu.⁸
67. Skeljungur selur Costco eldsneyti (bensín og dísilolíu) í heildsölu. Afhending eldsneytisins fer fram á útsölastað Costco í Garðabæ. [REDACTED]
68. Að lokum má nefna að Skeljungur hefur átt í samstarfi við Orku náttúrunnar um uppsetningu og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla á völdum starfsstöðvum Skeljungs frá árinu 2017 (fskj. 13). Markmið samstarfsins er að byggja upp heildstætt net áreiðanlegra hraðhleðslustöðva þannig að notendur rafbíla komist leiðar sinnar á milli landshluta. Aðilar vinna að gerð nýs samnings sem mun líklega verða undirritaður á næstu vikum og mun afrit hans verða sent Samkeppniseftirlitinu, verði þess óskað.

4.3.2 Dælan

69. Dælan á í samningssambandi við Festi hf. (fskj. 4) [REDACTED]

⁸ Sjá nánar um starfsemi prammans á slóðinni: www.skeljungur.is/skipathjonusta

70.



71.

Dælan kaupir [redacted].

4.3.3 Löður

72. Löður á ekki í neinu samstarfi við aðila á markaði fyrir bílapvott, hvorki formlegu né óformlegu, en leigir húsnæði og þvottastæði á Stekkjarbakka 2, Reykjavík af Þorpi ehf. (Frumherji) (fskj. 14) og þvottastöðvarhús á Dalvegi 22, Kópavogi af Dalvegi 22 ehf. (Teitur Jónsson) (fskj. 15). Þá leigir Löður eftirtaldar lóðir og fasteignir af Skeljungu, Festi og Högum undir hluta starfsemi sinnar:⁹

Leigusali	Hið leigða	Staðsetning	Fskj.	Gildir til
Skeljungur	Þvottastöð og þvottabásar	Grjótháls 8, Rvk	16	[redacted]
	Þvottastöð	Hagasmári 9, Kóp.		
Olís	Þvottastöð	Bæjarlind 18A, Kóp.	17	[redacted]
	Þvottastöð	Skúlagata (Klöpp), Rvk	17	
N1	9 þvottastöðvar	Vatnagarðar 50, Rvk	18	[redacted]
		Skógarsel 10, Rvk		
		Gagnvegur 2, Rvk		
		Stórhjalli 2, Kóp.		
		Lækjargata 46, Hfj.		
		Reykjavíkurvegur 54, Hfj.		
		Háholt 11, Mosfellsb.		
		Hörgárbraut, Akureyri		
Hafnargata 86, Reykjanesbæ				

73. Löður kaupir [redacted] Enginn fastur samningur er á milli aðila heldur er óskað tilboðs í hvert skipti. Allir aðilar sem selja sömu eða sambærilega vöru geta tekið þátt í því tilboði. Á fskj. 19 er dæmi um reikning frá [redacted] vegna slíkra viðskipta. Inni í samtöluverðinu er allur kostnaður og gjöld, s.s. um dreifingu á allar þvottastöðvar Löðurs. Á hverju ári nema innkaup Löðurs um [redacted].

⁹ Korthafar N1 kortsins, afsláttarlykils Orkunnar og Olís kortsins njóta allir fríðinda í formi afsláttar hjá Löðri.

74. Löður kaupir einnig [REDACTED]

V. KAFLI

Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur

5.1. Önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum sem áhrifa gætir og aðilar í lið 4 eiga a.m.k. 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa.

5.1.1 Skeljungur og fyrirtæki í lið 4.1.1

5.1.2 Port I og fyrirtæki í lið 4.1.2

75. Hvorki samrunaaðilar né þeir aðilar sem fara með yfirráð samrunaaðila, beint eða óbeint, fara með yfir 10% atkvæðisréttar í fyrirtækjum með starfsemi á mörkuðum, þar sem áhrifa gætir.
76. Hvorki Skeljungur, Löður né Dælan hafa á síðustu þremur árum tekið yfir fyrirtæki sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir. Sama á við um núverandi eigendur Port I. Skeljungur á ekki hluti í öðrum félögum sem hafa rekstur með höndum að undanskildum 25% hlut í Wedo ehf., sem er móðurfélag Heimkaupa (fskj. 20).
77. Hvorki stjórnarmenn Skeljungs, Dælnnar og Löðurs eða annarra samrunaaðila, né fulltrúar hluthafa félaganna sitja í stjórnnum annarra fyrirtækja sem reka starfsemi á þeim mörkuðum sem áhrifa samrunans gætir.

VI. KAFLI

Skilgreiningar á mörkuðum

6.1. Markaðir þar sem áhrifa gætir

78. Þegar samkeppnisleg áhrif samruna eru metin verður að skilgreina markaðinn sem samrunaaðilar starfa á. Í 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, þ.e. annars vegar vöru- og þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.
79. Í VI. kafla viðauka I við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum er hugtakið viðkomandi vörumarkaður skilgreint sem markaður fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Þá segir að þeir markaðir sem áhrifa gætir séu þeir vörumarkaðir sem tvö eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stundi viðskipti á eða ef eitt eða fleiri þeirra stunda viðskipti á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað þar sem annar aðili samrunans stundar viðskipti.

6.1.1 Olíumarkaðurinn

80. Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað fjallað um íslenska eldsneytismarkaðinn á liðnum árum, nú síðast í ákvörðunum nr. 8 og 9/2019. Þar var byggt á skilgreiningum úr frummatsskýrslu eftirlitsins vegna markaðsrannsóknar frá 30. nóvember 2015. Samkvæmt því er íslenska eldsneytismarkaðnum gróflega skipt upp í þrjú stig, þ.e. innflutning og heildsölu eldsneytis, birgðahald og dreifingu eldsneytis auk smásölu.
81. Í fyrsta lagi er sérstakur undirmarkaður fyrir *innflutning eldsneytis* til Íslands og *heildsölu* þess hér á landi. Hann skiptist í fjóra meginflokka eftir tegundum eldsneytis, þ.e. bílabensín, gasolíutegundir, svartolía og flugeldsneyti. Flokkarnir samanstanda af um 8-10 tegundum eldsneytis sem hver um sig telst til sérstaks vörumarkaðar enda er ekki staðganga þar á milli, að undanskildum ákveðnum tegundum bílaeldsneytis. Innflutningur eldsneytis felur að mestu leyti í sér samskipti við erlenda birgja og framleiðendur eldsneytis, samningsgerð, ákvarðanir um tegundir sem kaupa skal, verð, flutningskostnað o.fl. Einu smásalarnir sem sjá ekki um eigin innflutning eru [REDACTED]. Að öðru leyti er vart um eiginlegt heildsölustig að ræða, þar sem smásalar sjá einnig um innkaupin. Þar sem hlutdeild Dælunnar er óveruleg [REDACTED]. Þannig telja samrunaaðilar að samruninn eigi ekki eftir að hafa áhrif á þennan hluta markaðarins, enda [REDACTED]. Af þeim sökum verður ekki fjallað frekar um þennan undirmarkað. Framangreindu til fyllingar vísa samrunaaðilar til fyrrnefndrar frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins.
82. Í öðru lagi er sérstakur markaður fyrir *birgðahald á eldsneyti*. Það felur einfaldlega í sér geymslu á fljótandi eldsneyti í birgðatönkum eftir innflutning þess. Tankarnir eru staðsettir í innflutningshöfnum hringinn í kringum landið, en einnig eru til minni birgðatankar þar sem engin hafnaraðstaða er fyrir hendi eða er ófullnægjandi. Skeljungur á eigin birgðatanka en leigir jafnframt rými af Olíudreifingu ehf. á einstaka landsvæðum. Dælan leigir ekki sérstaklega birgðarými fyrir eldsneytisbirgðir sínar, heldur [REDACTED]. Líkt og í tilviki undirmarkaðs fyrir innflutning og heildsölu eldsneytis kemur samruninn ekki til með að hafa nokkur áhrif hér, [REDACTED]. Af þeim ástæðum telja samrunaaðilar óþarft að fjalla frekar um undirmarkaðinn en vísa til frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins til fyllingar.
83. Í þriðja lagi er undirmarkaður fyrir *dreifingu á eldsneyti*. Þar er greint á milli þriggja aðferða við dreifingu á eldsneyti. Algengastir eru landflutningar þar sem eldsneyti er flutt með olíuflutningabíl frá birgðatanki til áfangastaðar. Eldsneyti er einnig flutt með sjóflutningum og að lokum með leiðslum, sem verður að teljast sjaldgæft hér á landi. Auk Skeljungs starfa Olís og N1 á markaðnum með þátttöku hlutdeildarfélagins ODR, sem dreifir jafnframt eldsneyti fyrir Atlantsolíu. Þar sem [REDACTED]

Ekki er ástæða til að fjalla frekar um undirmarkað fyrir dreifingu á eldsneyti og vísast til fyrrnefndrar skýrslu Samkeppniseftirlitsins.

84. Í fjórða lagi er sérstakur undirmarkaður fyrir *smásölu á eldsneyti*. Þar er að meginstefnu til greint á milli tveggja aðferða við afhendingu, þ.e. annars vegar á eldsneytisstöðvum eða afhendingu með olíuflutningabifreið beint til (stærri) notenda. Sala til stórnotenda fer fram með öðrum hætti en til almennra neytenda, sem nálgast eldsneyti á afgreiðslustöðvum. Báðum söluleiðum er síðan unnt að skipta frekar niður eftir eldsneytistegundum, en vart er tilefni til slíkrar greiningar í þessu máli. Þó skal tekið fram að Dælan selur einungis bensín og dísilolíu. Eina beina skörunin í starfsemi samrunaaðila er þannig í smásölu eldsneytis á eldsneytisstöðvum til almennra neytenda. Þar sem sölustaðir Dælunnar eru einungis á afmörkuðum hluta höfuðborgarsvæðisins telja samrunaaðilar að ef samkeppnislegra áhrifa samrunans muni gæta þá sé markaður fyrir smásölu á eldsneyti innan höfuðborgarsvæðisins sá eini sem komi til greina.

Markaður fyrir smásölu eldsneytis innan höfuðborgarsvæðisins

85. Á þessum undirmarkaði eru sex félög starfandi, þ.e. N1, Olís, Skeljungur, Costco, Atlantsólía og Dælan. Þrjú síðastnefndu félögin reka einungis sjálfsafgreiðslustöðvar, en önnur félög reka bæði sjálfsafgreiðslustöðvar og mannaðar eldsneytisstöðvar. Á mönnuðu stöðvunum eru reknar verslanir, sem m.a. bjóða upp á bílavörur, dagvöru og jafnvel þjónustu, s.s. smurþjónustu o.fl.
86. Eins og m.a. er rakið í ákvörðun nr. 8/2019 hefur markaður fyrir smásölu eldsneytis tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum. Innkoma Costco í maí 2017 hafði mikil áhrif og náði félagið strax umtalsverðri markaðshlutdeild eða 5-15% miðað við landið allt. Þessi eina sjálfsafgreiðslustöð hjó skarð í hlutdeild Skeljungs, Olís og Atlantsólíu, bæði á landinu öllu og höfuðborgarsvæðinu, líkt og fjallað verður um í kafla 8 hér á eftir. Þrátt fyrir innkomu Costco taldi Samkeppniseftirlitið að N1 héldi markaðshlutdeild sinni yfir landið allt. Í ljósi þess að bæði N1 og Olís eru nú komin undir verndarvæng stórra verzlunarvelda liggur fyrir að nýtt eignarhald hefur skapað þeim forskot að ýmsu leyti, einkum með auknum efnahagslegum styrkleika og fjölbreyttari tekjustoðum.
87. Samrunaaðilar telja samrunann ekki munu hafa áhrif á markaðinn eða breyta gerð hans með verulegum hætti, þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi talið Skeljung í sterkri stöðu í smásölu eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu. *Í fyrsta lagi* lækkaði hlutdeild Skeljungs með tilkomu Costco á markaðinn. Helstu keppinautarnir, þ.e. N1 og Olís hafa mjög sambærilega hlutdeild, ef ekki hærrí og hafa keppinautarnir auk þess styrkt stöðu sína og styrkleika með samrunum við verzlaveldi á síðastliðnum misserum. Aukinn fjölbreytileiki í rekstri og fleiri tekjustoðir leiða óneitanlega til sterkari reksturs og stöðu. Skeljungur hefur ekki yfir slíkum fjölbreytileika að ráða. *Í öðru lagi* er [REDACTED]%. Sú viðbót við markaðshlutdeild Skeljungs, hvort sem horft er til fjölda seldra lítra eða bensínstöðva, getur ekki leitt til markaðsráðandi stöðu Skeljungs.
88. Sé það hins vegar mat Samkeppniseftirlitsins að kaupin leiði til samkeppnislegrar röskunar á markaðnum vegna brotthvarfs sjálfstæðs keppinautar benda samrunaaðilar á að Dælan getur ekki hafa talist mikilvægur keppinautur á markaðnum. [REDACTED]

Sala stöðvanna til Dælnnar til þess að bæta upp fyrir brotthvarf Festis sem mögulegs keppinautar á markaðnum, gekk ekki upp. Aðilar fá ekki séð að eignir Dælnnar muni nýtast áfram í samkeppni, nema til samrunans komi. Því eru engin orsakatengsl á milli breytinga á samkeppnislegri gerð markaðarins í kjölfar samrunans og brotthvarfs Dælnnar af markaði. Það er hins vegar töluvert líklegt að Skeljungur geti staðið undir verðinu sem fylgir nálægð við bensinstöð Costco, en fjárfestar að baki Dælnni. Þar af leiðandi eru mun meiri líkur á að neytendur njóti góðs vegna samrunans en núverandi ástandi.

6.1.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

89. Löður er eini samrunaaðilinn sem rekur bílaþvottastöðvar. Skeljungur hefur enga starfsemi á markaði sem tengist rekstri bílaþvottastöðva. Miðað við skilgreiningu í viðauka I við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 telst markaður fyrir rekstur bílaþvottastöðva ekki til markaðar þar sem áhrifa gætir. Af þeim sökum hvílir engin skylda á samrunaaðilum til að fjalla nánar um þann markað. Af bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 11. janúar sl. virðist mega skilja að þar sem bæði Skeljungur og Löður flytji inn hreinsiefni til bílaþvotta væri ekki annað séð en að markaður fyrir rekstur bílaþvottastöðva teldist markaður sem samruninn gæti haft áhrif á. Samkeppniseftirlitið hefur ekki skilgreint þann markað sérstaklega áður.
90. Löður rekur alls 15 bílaþvottastöðvar, 13 á höfuðborgarsvæðinu, eina á Akureyri og eina í Keflavík. Þá rekur Löður eina bónstöð, sem er staðsett í húsnæði stærstu þvottastöðvarinnar, að Fiskislóð 29 í Reykjavík. Löður býður upp á margvíslega þjónustu tengda bílaþvotti. Markmiðið er að koma sem best til móts við þarfir hvers viðskiptavinar fyrir sig, en þeir geta valið um sex mismunandi aðferðir við að þvo bifreiðar sínar:
- i. Sjálfsafgreiðslubás. Þar kaupir viðskiptavinur efni og aðgang að tækjum, en getur þrifið bifreiðina sjálfur bæði að utan og innan.
 - ii. Þvottastöð (göng) með svömpum. Bíllinn fer inn í forþvottarými þar sem starfsfólk byrjar þvottinn. Bifreiðin er síðan knúin áfram á færubandi í gegnum þvottastöðina, sem er 50 m löng.
 - iii. Snertilaus þvottastöð. Bíllinn fer inn í forþvottarými þar sem starfsfólk byrjar þvottinn. Honum er síðan ekið áfram að þvottastöðinni sem fer yfir bíllinn.
 - iv. Snertilausar þvottastöðvar með felguburstum. Stöðvarnar eru mannláusar og þvotturinn er að hluta til snertilaus að því undanskildu að burstar koma að felgubvotti.
 - v. Snertilausar þvottastöðvar. Mannláusar stöðvar í mismunandi gerðum og þvotturinn er alfarið snertilaus.
 - vi. Burstastöð. Þar sjá nælonburstar um þvottinn.
91. Löður telur sig keppa við alla aðila sem veita bílaþvott, enda er þjónusta Löðurs margbreytileg. Jafnframt byggja samrunaaðilar á því að staðganga sé á milli mismunandi flokka þjónustu, enda er val viðskiptavina er ekki allaf það sama. Á fskj. 21 má sjá könnun á bílaþvottamarkaði sem Löður lét vinna fyrir sig í lok árs 2016. Af henni má ráða að töluverð staðganga sé á milli snertilausra þvottastöðva og þvottakústa, svo dæmi séu tekin. Þá hafa árstíðarsveiflur áhrif á val viðskiptavina, en fleiri velja að þvo bíl sinn sjálfir þegar vel viðrar, einkum yfir sumartímann.

Með vísan til þess mætti mögulega vísa til heildarmarkaðarins sem markaðar fyrir bílaþvott. Mögulegir undirmarkaðir gætu verið greindir eftir því hvort um sjálfvirkan þvott sé að ræða eða hvers konar burstar eru notaðir við þvottinn. Samrunaaðilar telja þó ekki ástæðu fyrir niðurstöðu máls þessa að greina einstaka undirmarkaði. Löður er í sterkri stöðu óháð því hvaða undirmarkaði félagið verður talið starfa á. Auk þess ættu kaup Skeljungs á rekstri Port I vegna Löðurs að teljast til samsteypusamruna, en almennt eru minni líkur taldar á því að slíkir samrunar raski samkeppni.

6.1.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

92. Skeljungur flytur inn hreinsiefni fyrir bifreiðar frá tveimur birgjum [REDACTED] o.fl. slíkar vörur fyrir einstaklinga til að þrifa og bóna bíla sína. Vörurnar eru að meginstefnu til seldar á eigin útsölustöðum Orkunnar. Skeljungur selur vörurnar ekki í heildsölu til annarra aðila.
93. Löður flytur inn hreinsiefni til nota í eigin rekstri. Vörurnar eru ekki seldar í heildsölu. Á tilteknum þvottastöðvum Löðurs eru seldar blautþurrkur, vaskaskinn, gluggahreinsir og tyggjöhreinsir. Þá selur Löður hreinsiefni í smásölu á einstökum bílaleigum, en í óverulegu magni. Dælan flytur ekki inn hreinsiefni, en kaupir [REDACTED], sem er seldur í sjálfsafgreiðslu á útsölustöðvum Dælnunnar. Magnið er óverulegt og nemur um [REDACTED] lítrum á ári.
94. Í ákvörðun nr. 17/2020 voru til skoðunar kaup Olís á Mjöll-Frigg, þar sem báðir aðilar störfuðu m.a. við innflutning, framleiðslu og sölu á hreinlætisvörum. Meðal vörumarkaða málsins var markaður fyrir heildsölu á hreinsivörum og áhöldum og þær vörur sem undir hann féllu voru einkum taldar: „[...] efni og vörur sem notaðar eru við ýmis konar þrif og hreingerningar, svo sem bón og gólfsápu, sóttthreinsi- og viðhaldsefni, vörur til þrifa á hótél- og gistiheimilum, vörur til þrifa á veitingastöðum, vörur til þrifa í matvælaíðnaði, vörur til þrifa í sjávarútvegi, vörur til þrifa í landbúnaði, bílavörur, olíu- og tjöruhreinsir og vörur sem notaðar eru til þrifa í þvottahúsum og efnalaugum.“ Markaðnum var skipt upp eftir því hvort vörurnar væru seldar til fyrirtækja og stofnana (stórnotenda) eða í smásöluumbúðum ætluðum til endursölu til neytenda. Þá var talið mögulegt að skipta markaðnum niður eftir eðli varanna.
95. Í ljósi starfsemi samrunaaðila í máli þessu getur einn vörumarkaða hans verið markaður fyrir innflutning, framleiðslu, heildsölu og smásölu á hreinsivörum til bílaþvottar. Skipta megi markaðnum upp eftir því hvort vörurnar séu seldar til stórnotenda eða neytenda. Þá mætti skipta markaðnum upp eftir tegund hreinsiefna, s.s. olíu- og tjöruhreinsi eða bílabón. Hlutdeild samrunaaðila í innflutningi og sölu á þessum efnum er hins vegar óveruleg, sbr. síðari umfjöllun. [REDACTED]. Af þeim sökum eru hverfandi líkur á því að samruninn komi til með að hafa áhrif á einstaka undirmarkaði. Auk þess er fjöldi aðila sem samrunaaðilar keppa við á markaðnum, en vörurnar er m.a. hægt að nálgast hjá keppinautum á olíumarkaðnum, bónstöðvum, verkstæðum, smurstöðvum, einstaka stórverslunum o.s.frv. Stærð einstakra keppinauta á markaðnum gerir út um allar líkur á að samruninn hafi skaðleg, ef nokkur, áhrif á samkeppni.
96. Mikil samkeppni ríkir á markaðnum og margir keppinautar eru starfandi á honum, sbr. upptalning í lið 7.3.3. hér á eftir. Samkeppnin er virk hvort sem horft er til verðs, gæða,

framboðs og þjónustu. Mikill fjöldi aðila, sem flytja inn hreinsiefni til nota í eigin rekstri eða annars konar hreinsiefni, gætu auðveldlega sinnt þeim innflutningi sem samrunaaðilar sjá um. Engar aðgangshindranir eru til staðar og innkoma nýrra aðila væri auðveld. Ekki þarf að kosta miklu til að hefja eigin innflutning. Þá geta sumir aðilar jafnvel breytt framleiðslu sinni og hafið samkeppni í sölu á þeim vörum sem samrunaaðilar flytja inn. Þar sem langstærstur hluti varanna er fluttur inn erlendis frá, sætir markaðurinn verulegu samkeppnislegu aðhaldi.

97. Samkvæmt sjónarmiðum sem fram koma í ákvörðun nr. 17/2020 eiga viðskiptavinir auðvelt með að flytja sig á milli birgja og mikil samkeppni ríkir á markaðnum. Flestir aðilar kaupa jafnframt hreinsiefni frá fleiri en einum aðila og leita að bestu kjörnum hverju sinni, hvort sem horft er til verðs, gæða eða þjónustu. Fjöldi fyrirtækja selur hreinsivöru og innkoma á markaðinn sé auðveld, hvort sem um ræðir heildsölu- eða smásölustig hans.

6.2. Aðrir vöru- eða þjónustumarkaðir

98. Hér undir gætu helst fallið markaðir fyrir innflutning, framleiðslu og sölu á öðrum hreinsiefnum en þrif á bifreiðum. Löður veitir bílaleigum einnig ráðgjöf fyrir þvott á bílum, efnisval í bílþvottavélar og ráðgjöf við kaup á slíkum vélum. Löður hefur frá árinu 2017 selt þrjár bílþvottavélar og sér um viðhald á þeim vélum gegn gjaldi. [REDACTED]. Jafnframt gætu komið til skoðunar markaðir fyrir sölu á öðrum orkugjöfum en eldsneyti, s.s. metani, rafmagni og vetni eða önnur stig eldsneytismarkaðarins.

6.3 Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

99. Samrunaaðilar telja engar líkur á að áhrifa samrunans geti gætt á öðrum mörkuðum sem þeir starfa á. Hér er sérstaklega átt við markað fyrir fjárfestingastarfsemi (Port I). Auk þess mætti e.t.v. tiltaka markaði fyrir greiðslulausnir, bókhaldskerfi og fl. tölvukerfi sem notast er við í rekstri félaganna. Hlutfall viðskipta samrunaaðila við aðila á utanaðkomandi mörkuðum er ekki slíkt að samruninn leiði til breytinga á þeim.

6.4 Viðkomandi landfræðilegir markaðir.

6.4.1. Olíumarkaðurinn

100. Samkeppniseftirlitið hefur skilgreint markaði fyrir smásölu á eldsneyti bæði eftir landinu sjálfu og einstaka landssvæðum, m.a. höfuðborgarsvæðinu. Í ákvörðun nr. 8/2019 var mögulegum landfræðilegum mörkuðum vegna smásölu eldsneytis skipt upp með afar nákvæmum hætti. Sami háttur var hafður á í frummatsskýrslu stofnunarinnar vegna markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaði. Samrunaaðilar byggja á sömu sjónarmiðum og telja landfræðilegan markað málsins vegna smásölu á eldsneyti einskorðast við höfuðborgarsvæðið, enda er starfsemi Dælunnar eingöngu þar. Nánar tiltekið eru stöðvar Dælunnar staðsettar við Fellsmúla 30, Reykjavík; Hæðasmára 2, Kópavogi; við Staldrið, Stekkjarbakka 2, Reykjavík; við Salaveg 2, Kópavogi; og við Holtagarða, Vatnagörðum 40, Reykjavík. Mögulega mætti þrengja markaðinn enn frekar og afmarka við þau póstnúmer á höfuðborgarsvæðinu þar sem stöðvar Dælunnar er að finna.

6.4.2. Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

101. Bílaþvottastöðvar Löðurs eru allar á höfuðborgarsvæðinu, að undanskilinni einni stöð í Keflavík og annarri á Akureyri:

Heimilisfang	Tegund stöðvar
Bæjarlind 18, 201 Kóp.	Snertilaus stöð
Dalvegur 22, 201 Kóp.	Mönnuð stöð
Fiskislóð 29, 101 Rvk	Mönnuð stöð
Gagnvegur 2, 112 Rvk	Snertilaus
Grjótháls 8 við Vesturlandsveg, 110 Rvk	Snertilaus
Hagasmári 9, 201 Kóp.	Snertilaus
Háholt 11, 270 Mosfellsbær	Þvottabásar
Lækjargata 46, Hfj.	Burstastöð
Skógarseli 10, 109 Rvk	Burstastöð
Skúlagötu 2, 101 Rvk	Snertilaus
Stekkjarbakka 2, 109 Rvk	Þvottabásar
Stórahjalla 9, 200 Kóp.	Snertilaus
Vatnagörðum 9, 104 Rvk	Þvottabásar
Hafnargötu 86, 230 Reykjanesbæ	Snertilaus
Hörgárbraut, 603 Akureyri	Burstastöð

102. Í ljósi þessa telja samrunaaðilar landfræðilegan markað sem Löður starfar á afmarkast við höfuðborgarsvæðið, Suðurnesin og Akureyri.

6.4.3. Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

103. Skeljungur selur hreinsiefni á þjónustustöðvum sínum og til rekstraraðila á landsbyggðinni. Löður selur gluggaþvottahreinsi í smásölu á tilteknum stöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Dælan hefur einungis starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt því mætti skilgreina landfræðilegan markað sem landið allt eða afmarka hann við höfuðborgarsvæðið auk Suðurnesjanna og Akureyrar. Samrunaaðilar telja niðurstöðu um þá afmörkun ekki koma til með að hafa áhrif á niðurstöðu málsins.

VII. KAFLI

Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

7.1. Áætluð heildarstærð markaðarins í fjárhæðum og magni.

7.1.1 Olíumarkaðurinn

104. Samrunaaðilar hafa ekki nákvæmar upplýsingar um heildarstærð olíumarkaðarins, enda eru ekki lengur veittar opinberar upplýsingar um innflutning á eldsneyti, sbr. tilmæli í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2017. Verður því að styðjast við eldri upplýsingar úr frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins vegna markaðsrannsóknar á olíumarkaðnum auk nýrra ákvarðana sem honum tengjast, sbr. einkum ákvarðanir nr. 8 og 9/2019. Við þessar niðurstöður verður þó að setja fyrirvara, enda hefur margt breyst síðan þær voru birtar. Af

Þessum sökum treysta samrunaaðilar sér ekki til þess að meta áætlaða stærð olíumarkaðarins árið 2019, hvorki í krónum talið né fjölda seldra lítra eldsneytis. Þó mætti líta til upplýsinga Hagstofunnar um verðmæti innflutts eldsneytis og smurólíu, sbr. liður 7.5.

105. Samkvæmt Hagstofunni var eldsneytissala á fjórða ársfjórðungi 2020 rúmlega 74 þúsund rúmmetrar af bæði bensín og dísil, samkvæmt bráðabirgðatölum og öllum mögulegum fyrirvörum og fyrirframgefnum forsendum.¹⁰ Þessara upplýsinga aflaði Hagstofan í gegnum kortaveltu innlendra og erlendra greiðslukorta, sem samrunaaðilar hafa að sjálfsögðu engin tök á að gera. Samrunaaðilar eru hins vegar tilbúnir til að funda með Samkeppniseftirlitinu og afhenda eða aðstoða við öflun upplýsinga í þessum efnum með öllum ráðum.

7.1.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

106. Áætlun á heildarstærð markaðarins út frá magni (fjölda þvotta) er nokkrum annmörkum háður. Engin leið er að vita með nákvæmni hversu marga þvotta hver og einn aðili á markaðnum getur boðið upp á eða þá hversu margir kjósa að þrifa bíla sína með þessum hætti. Í tilraun til þess að nálgast stærð markaðarins telja samrunaaðilar gagnlegt að horfa til líklegar afkastagetu fyrrnefndra þriggja aðila á höfuðborgarsvæðinu, sem er langstærsti markaðurinn á landinu. Hámarksafkastageta Löðurs á landinu öllu eru [] þvottar á dag, þar af [] á Akureyri og sami fjöldi í Reykjanesbæ. Áætlað er að afkastageta Lindarinnar sé [] þvottar og hjá Bón og þvotti séu það [] þvottar á hverjum degi. Þá á eftir að bæta við öllum öðrum aðilum á markaðnum, en óhætt er að áætla að einyrkjar geti samanlagt sinnt 100 bílum á dag þannig gæti afkastageta á höfuðborgarsvæðinu verið [] þvottur á dag. Ef aðilar, að undanskildum einyrkjum, hafa opið alla daga ársins gæti heildarfjöldi þvotta á ársgrundvelli verið 312.265:

Aðili	Áætluð afkastageta	Fjöldi daga	Hámarksfjöldi þvotta á ári
Löður	[]	355 dagar á ári	[]
Lindin	[]	355 dagar á ári	[]
Bón og þvottur	[]	297 dagar á ári ¹¹	[]
Einyrkjar	100	239 dagar á ári	23.900

107. Að sama skapi eru engar opinberar tölur til um rekstur bílaþvottastöðva sem hægt er að byggja með beinum hætti á við mat á heildarstærð markaðarins miðað við verðmæti. Samrunaaðilar hafa reynt að afmarka stærð markaðarins út frá fjárhagslegum upplýsingum sem þeir geta geta nálgast. Þær endurspeglar hins vegar ekki raunverulega stærð markaðarins, aðallega því að ársreikningar einstakra fyrirtækja gefa ekki rétta mynd af umfangi þeirra. Stærstu aðilarnir á markaðnum eru Löður og Lindin en þar á eftir kemur Bón og þvottur. Uppgefin heildarvelta í ársreikningi síðastnefnda félagsins var hins vegar ekki nema 33 milljón kr. sem getur vart staðist og hlýtur því annað félag að halda utan um tekjur og gjöld stöðvarinnar. Velta þess aðila er því áætluð miðað við líklega afkastagetu vélarinnar (90 þvottar á dag) og að verð á bílaþvotti sé 3.306 kr. Þá er fjöldi einyrkja starfandi á markaðnum, sbr. upptalningu í lið 7.3 og er heildarvelta þeirra einnig áætluð. Eins og gefur að skilja er höfuðborgarsvæðið langstærsti markaðurinn, þar sem flestir aðilar starfa og langflestir bílar eru skráðir. Því telja samrunaaðilar

¹⁰ Sjá: <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/eldsneytissala-tt/>

¹¹ Ekki er opið um helgar og því eru 58 dagar dregnir frá.

fullnægjandi að afmarka stærð markaðarins með þessum hætti, en ljóst er að hann er stærri þar sem eftir á að taka tillit til annarra landsvæða og þá kann velta einyrkja að vera vantalin:

Aðili	Velta 2019
Löður	604.505.403
Lindin	219.515.566
Bón og þvottur	88.369.380
Einyrkjar	131.450.000
<i>Áætluð heildarstærð markaðar</i>	<i>1.043.840.349</i>

108. Það athugast að allar líkur eru á að markaðurinn sé stærri bæði m.v. verðmæti og magn, enda eru framangreindar tölur byggðar á upplýsingum um stærstu fyrirtækin hér á höfuðborgarsvæðinu, sem er langstærsti landfræðilegi markaðurinn. Þá er í þessari áætlun um stærð markaðar aðeins gert ráð fyrir þeim sem nýta sér þjónustu fyrirtækja við bílaþvott. Stór hluti neytenda kýs að þrifa sína bíla sjálfir heima við. Þá eru ýmis fyrirtæki fyrir utan við áætlaða markaðsstærð, líkt og bílaleigur og aðrir stórnotendur, sem reka sína eigin aðstöðu og nýta þar af leiðandi ekki þjónustu utanaðkomandi aðila við þvott á bílaflota sínum.

7.1.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

109. Samrunaaðilar hafa engin tók á að skilgreina heildarstærð markaðar fyrir innflutning, framleiðslu og sölu á hreinsiefnum til bílaþvottar. Aðkoma bæði Skeljung og annarra samrunaaðila að markaðnum hefur verið afar takmörkuð og telja þeir sig ekki búa yfir fullnægjandi upplýsingum til að áætla stærð markaðarins. Á honum er fjöldi aðila starfandi, sem bæði flytja inn hreinsiefni og kaupa frá innlendum framleiðendum. Samrunaaðilar munu hins vegar veita allar þær upplýsingar sem þeir búa yfir í því skyni að auðvelda rannsókn málsins í þessum efnunum.

7.2. Markaðshlutdeild í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni hjá hverju fyrirtæki sem að samruna standur.

7.2.1 Markaður fyrir smásölu á eldsneyti á höfuðborgarsvæðinu

110. Frá og með árinu 2017 var hætt að gefa opinberlega út tölur um hlutdeild á markaði. Allt frá þeim tíma hefur Skeljungur ekki leitast við að halda sérstaklega utan um markaðshlutdeild sína eða keppinauta, enda hefur það lítið upp á sig þegar heildarstærðin er óþekkt. Samkvæmt ársreikningi 2019 voru heildartekjur Skeljungar [REDACTED]¹² þar af um [REDACTED] vegna sölu eldsneytis. Tekjur vegna sölu eldsneytis til einstaklinga voru rúmir [REDACTED] á einstaklingsmarkaði hér á landi.¹³ Dælan hóf starfsemi í mars 2019 og á því ári var veltan [REDACTED] eingöngu vegna sölu á eldsneyti.
111. Skeljungur seldi samtals [REDACTED] milljón lítra af bensíni og dísil á árinu 2019, sem skiptist þannig að [REDACTED] var sala á bensíni og [REDACTED] vegna dísil. Árið 2020 var heildarsala Skeljungar [REDACTED] milljón lítrar og [REDACTED]. Sala Dællunnar á tímabilinu apríl-desember 2019 var [REDACTED] milljón lítra. Skiptist salan þannig að [REDACTED] var vegna bensíns og

¹² Um er að ræða heildartekjur af vörusölu samkvæmt ársuppgjöri 2019 fyrir jöfnunarfærslur.

¹³ Sjá allar nánari upplýsingar á slóðinni: <https://www.skeljungur.is/arsreikningar-uppgjor-2019>.

[] vegna dísil. Sé reiknað með að salan dreifist með svipuðum hætti og hjá Skeljungu má áætla að heildarsala Dælnnar á árinu 2019 hafi verið [] milljón lítra. Lagt er til grundvallar að [] og því er ekki óvarlegt að áætla að heildarsala Dælnnar árið 2020 hafi verið um [] milljón lítrar. Skeljungur telur líkur á að heildarmarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sé rétt undir 200 milljón lítrum. Miðað við þá forsendu áætla Skeljungur að hlutdeild samrunaaðila í smásölu eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu hafi verið eftirfarandi á árinu 2020:

Skeljungur	[]
Dælan	[]
Samtals	[]

112. Samrunaaðilar telja hlutdeild Dælnnar jafnvel vera ofmetna. Ástæðan er sú að []. Sá hluti hefur dalað á undanförunum misserum og hlutdeild Dælnnar að sama skapi dregist saman. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar var eldsneytissala á fjórða ársfjórðungi 2020 rúmlega 74 þúsund rúmmetrar (bæði bensín og dísilolía). Það er 9,6% minna en á sama tíma 2019 sem var þá rúmlega 82 þúsund rúmmetrar. Á síðasta ársfjórðungi 2020 var sala Dælnnar á bensíni og dísil samtals [] rúmmetrar, sem gerir um [] af seldum lítrum á þessu tímabili.¹⁴

7.2.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

113. Eins og áður greinir eru ekki til opinberar upplýsingar sem hægt er að styðjast við um mat á stærð markaðarins, hvort sem er verðmæti eða magni. Miðað við nálgunina á heildarverðmæti markaðarins í lið 7.1.2. hér að framan ætti hlutdeild Löðurs að vera í hæsta lagi []. Ef byggt er á afkastagetu (alls 312.265 þvottar á ári) og þess að Löður sinnir um [] bílum á dag á höfuðborgarsvæðinu gerir [] þvotta á ári. Hlutdeild Löðurs gæti verið [] miðað við þær forsendur:

Höfuðborgarsv.	Fjöldi þvotta á dag	Fjöldi þvotta á ári	Hlutdeild
Löður	[]	[]	[]

114. Á Akureyri er Löður með einu sjálfvirku bílaþvottastöðina sem er aðgengileg almenningi og ætti hlutdeild félagsins þá að vera 100%. Að meðaltali fara um [] bifreiðar í gegnum þvottastöðina á dag og er því ljóst að miklir möguleikar eru fyrir nýjan aðila til að hasla sér þar völl. Það er þó töluverður fjöldi einyrkja sem tekur að sér að þrifa bíla, en erfitt er að segja til um fjölda eða umfang starfsemi þeirra. Sem dæmi má nefna Bónstöðina á Akureyri (Detail Akureyri) sem er staðsett að Njarðarnesi 1. Bílaþvottastöð við dekkjaverkstæði Hölds er jafnframt með bílaþvottavél og er opin almenningi skv. upplýsingum á heimasíðu þess. Hjá Prosis ehf. er rekið verkstæði og bónstöð að Óseyri 10. Þá er hægt að fá handþvott hjá Fjölsmiðjunni, svo dæmi séu tekin. Olís á Hörgárbraut hefur síðan bílaþvottaplan með sjálfsafgreiðslubásum, svo hlutdeild Löðurs er því að öllum líkindum töluvert lægri.

¹⁴ Sjá slóðina: <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/eldsneytissala-tt/>

115. Löður er einnig með einu sjálfvirku þvottastöðina í Reykjanesbæ og nálægum bæjarfélögum. Að meðaltali fara um [] bifreiðar í gegnum þvottastöðina á hverjum degi. Miðað við fjölda skráðra bifreiða í bæjarfélaginu auk allra þeirra sem sækja vinnu á svæðinu frá öðrum bæjarfélögum má áætla að miklir möguleikar séu fyrir nýja aðila að sækja inn á markaðinn. Aðrir aðilar sem sinna bílaþvotti á svæðinu eru taldir upp í lið 7.3. Hlutdeild Löðurs í Reykjanesbæ er því að öllum líkindum töluvert lægri en 100%.

7.2.3 Markaður fyrir innflutning og sölu hreinsiefna fyrir bifreiðar

116. Í lið 7.1.3. rökstuddu samrunaaðilar að þeir hefðu ekki forsendur til þess að leggja mat á stærð markaðarins. Að sama skapi er þeim ómögulegt að áætla markaðshlutdeild sína. Það sem þó liggur fyrir er að fjöldi aðila starfar á honum og mikil samkeppni ríkir þar. Til marks um hversu smávægilegur hluti sala á hreinsiefnum til bílaþvottar er af rekstri Skeljungs, þá eru þær ekki seldar í sérverslunum eins og hjá keppinautum Skeljungs og fjöldi þjónustustöðva þar sem vörurnar standa til boða eru færri en 10 talsins. Skeljungur telur hlutdeild sína vera vel undir [] af markaðnum sem byggir á fjölda sölustaða og keppinauta sem selja hreinsiefni. Samruninn muni lítið gera til að auka þá hlutdeild. Nær allur innflutningur Löðurs á hreinsiefnum er til nota í eigin rekstri og er að öllum líkindum lægri en Skeljungs.

7.3. Listi yfir nöfn allra keppinauta sem starfa á markaðnum

7.3.1 Olíumarkaðurinn

117. Smásalar eldsneytis eru N1, Costco, Olís, Skeljungur, Atlantsolía og Dælan. Félög sem selja eldsneyti í heildsölu eru N1 og Skeljungur. Dreifing og birgðahald eldsneytis er í höndum ODR og Skeljungs.

7.3.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

118. Löður á ekki í samkeppni við bílaleigur og bifreiðaumboð sem eru með sjálfvirkar bílaþvottastöðvar hjá sér. Ástæðan er sú að almenningur hefur ekki færi á að þrifa bílana sína þar enda eru stöðvarnar einungis fyrir bílafloata viðkomandi aðila. Það er hins vegar auðvelt fyrir þá aðila að hefja samkeppni við Löður, enda eru til staðar allir nauðsynlegir innviðir. Löður hefur tekið saman lista yfir þá aðila sem það á í samkeppni við á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ og nágrenni og á Akureyri. Listinn er í stafrófsröð. Ekki er hægt að ábyrgjast að listinn sé tæmandi enda þó nokkuð um einyrkja á markaðnum og staða þeirra breytist oft ört. Við listann má bæta öllum bílaþvottaplönunum olíufélaganna, þar sem einstaklingar geta þvegið eigin bifreið með kústum.

Höfuðborgarsvæðið

Aðili	Staðsetning	Lýsing á stöð
Aðalbón	Lyngháls 10, 110 Rvk	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Alla-Bón	Smiðjuvegi 4a, 200 Kóp	Bónstöð.
Airport bílageymsla og þrif	Súðarvogi 40, 104 Rvk	Bónstöð.
Borgarbón	Kringlan, 108 Rvk	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Bón og þvottur	Smiðshöfða 17, 110 Rvk	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Bón Fús	Súðarvogi 32, 104 Rvk	Bónstöð.

Bónstöð Kópavogs ehf.	Dalvegi 24, 201 Kóp	Bónstöð.
Bónstöð Garðabæjar	Garðatorgi 7, 210 Gbæ	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Bónstöð Hafnarfjarðar	Verslunarmiðstöðinni Firði, Hfj	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Bónstöðin Höfðatorgi	105 Reykjavík	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Bónstöð Íslands	Víkurhvarfi 4, 203 Kóp	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Bónstöð Magnúsar	Hjallahraun 9, 220 Hfj	Bónstöð.
Carwash.is	Malarhöfða 2, 110 Rvk	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Dluxbón ehf.	Gjáhelli 3, 221 Hfj	Bónstöð.
Gæðabón	Ármúla 17a, 108 Rvk	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Hágæðabón	Viðarhöfða 2b Stórhöfðamegin, 110 Rvk	Bónstöð.
Hjá Jobba	Skeifunni 17, 108 Rvk	Ein stöð. Aðeins handvirkur þvottur.
Nónhraun ehf.	Ásbúðartröð 7, 220 Hfj	Bónstöð.
Þvottastöðin Bón og þvottur	110 Rvk	Bæði sjálfvirk þvottastöð og handvirkur þvottur.
Þvottastöðin Lindin	Bæjarlind 2, 201 Kóp	Sjálfvirk þvottastöð og sjálfsafgreiðslubásar. Greitt fyrir efni og háþrýsting. Viðskiptavinur þrífur sjálfur. Tvær tegundir stöðva undir sama þaki.

Reykjanesbær og nágrenni

Bílabaðið	Brekkestíg 42, 230 Reykjanesbæ	Ein stöð. Allt handvirkt.
Bíladekur	Bakkastíg 10, 230 Reykjanesbæ	Bónstöð.
Bónstöð Keflavíkur	Grófinni 8, 230 Reykjanesbæ	Bónstöð. Allt handvirkt.
Bónstöð Lúkasar slf.	Vatnsnesvegi 5, 230 Reykjanesbæ	Bónstöð.
GoGlans	Selvík 3, 230 Reykjanesbæ	Bónstöð.
JTJ ehf.	Brekkestíg 44, 260 Reykjanesbæ	Bónstöð.
Mössun og bón Antons	230 Reykjanesbæ	Bónstöð.
Steinabón	Skagabraut 21, 251 Suðurnesjabæ	Detailing og bónstöð.
Suðurbón	Túngötu 3, 245 Suðurnesjabær	Bónstöð.

Akureyri

Bónstöð (Prosis)	Óseyri 10, 600 Akureyri	Bónstöð.
Bónstöð Jonna	Glerárgötu 34, 600 Akureyri	Bónstöð.
Dekkjaverkstæði Hölds	Gleráreyrum 4, 600 Akureyri	Bílaþvottavél.
Detail Shop	Njarðarnesi 1, 603 Akureyri	Bónstöð. Allt handvirkt.
Fjölsmiðjan	Furuvöllum 13, 600 Akureyri	Handvirkt.
Olís	Tryggvabraut 3-5, 600 Akureyri	Sjálfsafgreiðsla og þvottabásar.
Þvottur og bón KB	Njarðarnesi 4, 603 Akureyri	Bónstöð. Allt handvirkt.

7.3.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

119. Skeljungur tók saman eftirfarandi lista yfir aðila sem gætu talist keppinautar á þessum undirmarkaði. Þó verður að gera fyrirvara við að listinn er eflaust ekki tæmandi, enda fjöldinn allur af aðilum sem á honum starfar með einum eða öðrum hætti:

Aðili	Heimilisfang
Mjöll-Frigg	
Olís	
N1	
Topplausnir ehf.	Smiðjuvegi 12, 200 Kóp
Tandur hf.	Hesthálsi 12, 110 Rvk
Sámur sápugetur ehf.	Lyngás 11, 210 Gbæ
AB varahlutir ehf.	Funahöfða 9, 110 Rvk
Stilling hf.	
Motul Ísland	Óseyri, Akureyri
Húsasmiðjan	
Byko	
Heimkaup.is	Smáratorgi 3, 201 Kóp
Artic Trucks	Kletthálsi 3, 110 Rvk
Múrbúðin ehf.	Kletthálsi 7, 110 Rvk
Rekstrarvörur ehf.	Réttarhálsi 2, 110 Rvk
Hekla hf.	Laugavegi 170-174, 105 Rvk
Kemi ehf.	Tunguhálsi 10, 110 Rvk
Brynja ehf.	Laugavegi 29, 101 Rvk
Málningarvörur ehf.	Lágmúla 9, 108 Rvk
Verkfærasalan	Síðumúla 9, 108 Rvk
Þór hf.	Krókhálsi 16, 110 Rvk
Hafsport ehf.	Smiðjuvegi 58, 200 Kóp
Fossberg ehf.	Dugguvogi 6, 104 Rvk

7.4 Áætluð markaðshlutdeild allra keppinauta sem ráða yfir að minnsta kosti 10% af markaðnum sem er til athugunar.

7.4.1 Olíumarkaðurinn

120. Samrunaaðilar hafa ekki nákvæmar upplýsingar um hlutdeild keppinauta þeirra á olíumarkaðnum, hvorki eftir fjárhæðum né magni. Við mat á markaðshlutdeild keppinauta er því byggt á sömu gögnum og áður og reynt að áætla hlutdeild aðila eins nákvæmt og hægt er. Sömu fyrirvarar eru þó settir um að matið byggist nær alfarið á áætlun samkvæmt nýjustu úrlausnum Samkeppniseftirlitsins en nær öruggt er að breytingar hafi orðið þar á.

Hlutdeild í smásölu eldsneytis á landinu öllu

Fyrirtæki	Hlutdeild
N1 hf.	[]
Olíuverzlun Íslands hf.	[]

Skeljungur hf.	[REDACTED]
Costco	[REDACTED]
Atlantsolía ehf.	[REDACTED]
Dælan ehf.	[REDACTED]

121. Samkvæmt framangreindri töflu telja samrunaaðilar að N1 sé markaðsráðandi í *smásölu eldsneytis á landinu öllu* með [REDACTED] hlutdeild. Þar á eftir komi Olís og Skeljungur með jafnháa hlutdeild eða [REDACTED] hvort. Hlutdeild Costco og Atlantsolíu er líklega áþekk, en Costco verður að teljast ívið sterkari keppinautur, enda hefur félagið sópað til sín viðskiptavinum með lágum verðum þrátt fyrir að hafa aðeins eina útsölustöð. Ítrekað er að hlutdeild Dælnnar er að öllum líkindum ofmetin. Því getur hlutdeild sameinaðs félags vart orðið hærri en [REDACTED], sem verður að teljast óveruleg aukning. Engar vísbendingar eru um að samruninn leiði til markaðsráðandi stöðu á grundvelli markaðshlutdeildar einnar eða raski samkeppni með umtalsverðum hætti að öðru leyti.
122. Til viðbótar verður að ítreka að Skeljungur stendur höllum fæti gagnvart N1 og Olís, þar sem þau félög njóta góðs af efnahagslegum styrkleika samstæðanna sem þau tilheyra. Skeljungur nýtur ekki þessa, heldur stendur eitt í samkeppni gegn þeim. Staðreyndin er sú að með samrunum þeirra við öflug fyrirtæki á dagvörumarkaði hafa félögin öðlast forskot gagnvart öðrum olíufélögum, enda er fyrirséð að áfram muni gæta verulegs samdráttar á olíumarkaðnum í kjölfar orkuskipta. Staða N1 og Olís er það sterk að félögin gætu ekki keypt eignir Dælnnar, án þess að það myndi teljast leiða til samkeppnislegra vandkvæða. Viðskiptamannahópar beggja samstæðanna eru að mestu leyti sá sami, þ.e. almennir neytendur. Í krafti markaðshlutdeildar á einum markaði gætu þau þannig styrkt stöðu sína á öðrum.

Hlutdeild í smásölu á eldsneyti á höfuðborgarsvæðinu

123. Við mat á hlutdeild aðila í *smásölu eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu* eru samrunaaðilum sett sömu vandkvæði og áður. Þeir hafa ekki undir höndum nákvæmar upplýsingar um hlutdeild einstakra aðila en nýjustu tölurnar sem hægt er að styðjast við er að finna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2019, þar sem umfjölluninni var skipt niður eftir smásölu á bensín og dísilolíu.
124. Þar var hlutdeild Skeljungs í *smásölu á bensíni á höfuðborgarsvæðinu* talin vera 25-30% á árunum 2014-2016.¹⁵ Hlutdeild N1 og Olís var birt á sama bili, en Samkeppniseftirlitið taldi Skeljung hafa hæstu hlutdeildina. Tiltekið var að innkoma Costco hefði haft mikil áhrif á stöðu aðila og lækkaði hlutdeild Skeljungs niður í 20-25% á fyrstu níu mánuðum 2017, sem var jöfn hlutdeild Costco og N1. Sú greining er í samræmi við mat samrunaaðila á markaðsaðstæðum og telja þeir óhætt að leggja til grundvallar að hlutdeild aðila hafi ekki breyst í verulegum atriðum síðan þá og hlutur Skeljungs sé ekki hærri en [REDACTED] í smásölu bensíns á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru engar líkur á því að hlutdeild Dælnnar sé hærri en [REDACTED]. Samrunaaðilar geta ekki sagt til um hlutdeild annarra aðila á markaðnum, en áætla að staða þeirra sé svipuð og byggt er á í ákvörðun nr. 9/2019. Samrunaaðilar áætla að hlutdeild

¹⁵ Sjá töflur nr. 23-24 í ákvörðun nr. 9/2019, bls. 146.

Dæluunar hafi að mestu leyti komið frá viðskiptavinum Atlantsolíu, en ekkert er hægt að fullyrða í þeim efnum.

125. Sama gildir um hlutdeild í smásölu á dísolíu á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun var Skeljungur með hæstu hlutdeild olíufélaganna eða á bilinu 30-35% á árunum 2014-2016. N1 og Olís fylgdu fast á eftir með 25-30% hvort, en Atlantsolía var með um 10-15% hlutdeild.¹⁶ Innkoma Costco hafði sömu áhrif og í tilviki bensíns og lækkaði hlutdeild allra aðila á markaðnum. Þannig lækkaði hlutdeild Skeljungs á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 niður í 25-30%, sem var jafnt hlutdeild N1. Bæði Costco og Olís fylgja fast á eftir með 15-20% hlutdeild. Engin ástæða er til að ætla að staðan sé önnur í dag.

7.4.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

126. Samrunaaðilar búa ekki yfir upplýsingum um heildarstærð markaðar fyrir bílaþvott eða upplýsingar um mat á heildarverðmæti markaðarins. Engin opinber gögn eru til staðar sem sýna fram á stærð markaðar eða hlutdeild aðila sem á honum starfa. Í því ljósi og þeirrar staðreyndar að ekki hefur verið rýnt í framangreindan markað í fyrri úrlausnum Samkeppniseftirlitsins, áætluðu samrunaaðilar stærð markaðarins í lið 7.1.2. hér að framan og byggir útreikningur á markaðshlutdeild á þeim forsendum:

Höfuðborgarsv.	Fjöldi þvotta á dag	Fjöldi þvotta á ári	Hlutdeild
Löður	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
Lindin	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
Bón og þvottur	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
Aðrir minni aðilar	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
Samtals	[REDACTED]	[REDACTED]	100%

127. Sé gengið út frá framangreindu áætla aðilar að markaðshlutdeild Löðurs á höfuðborgarsvæðinu sé á bilinu [REDACTED] - [REDACTED] miðað við þær upplýsingar sem tiltækar eru. Framangreind hlutdeild er síst vanáætluð, þegar litið er til þess að takmarkaðar upplýsingar er að finna sem unnt er að byggja á við mat á stærð markaða og umsvifum aðila á markaði. Löður er í sterkri stöðu á markaði fyrir bílaþvott, hvort sem horft er til höfuðborgarsvæðisins eins eða að meðtöldum öðrum svæðum.
128. Við þetta má bæta að höfuðborgarsvæðið er langstærsta svæðið sem talist getur einn landfræðilegur markaður. Þegar litið er til annarra staðbundinna markaða er áætluð markaðshlutdeild Löðurs hærri. Á móti kemur að viðkomandi markaðir og þar af leiðandi tekjur eru miklu minni í samanburði við höfuðborgarsvæðið, en kostnaður við rekstur stöðvanna þar að sama skapi hærri.
129. Samkvæmt upplýsingum af vef Hagstofu Íslands voru alls 58 fyrirtæki og félög skráð árið 2018 sem bón- og þvottastöðvar skv. ÍSAT2008 atvinnugreinaflokkuninni og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Til samanburðar má nefna að árið 2010 voru samtals 38 fyrirtæki og félög skráð skv. fyrirtækjaskrá og árið 2014 var talan komin upp í 45 aðila. Rétt er að taka fram að um er að ræða fjölda skráðra fyrirtækja og félaga samkvæmt fyrirtækjaskrá og endurspeglar því ekki endilega fjölda fyrirtækja í atvinnustarfsemi. Aukningin milli ára ætti þó að gefa

¹⁶ Sjá töflur nr. 27-28 í ákvörðun nr. 9/2019, bls. 149.

vísbindingu um að nýir aðilar hafi sótt inn á markaðinn á undanförunum árum með góðum árangri. Markaðurinn er því opinn og áhugasamir aðilar hafa fulla möguleika á að sækja inn á hann með góðum árangri.

130. Komi nýr aðili inn á markaðinn á Akureyri eða í Reykjanesbæ eru allar líkur á því að hlutdeild Löðurs minnki verulega. [REDACTED]. Akureyri gæti vel borið aðra sjálfvirka þvottastöð og úrval á fleiri tegundum þvotta, til hagsbóta fyrir neytendur. Í dag [REDACTED] komi til með að sjá sjálf um rekstur bílaþvottastöðvar eða fá annan aðila til þess.

7.4.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

131. Samrunaaðilum eru veruleg takmörk sett í þessu mati. Markaðurinn er einfaldlega óþekkt stærð eftir því sem samrunaaðilar komast næst. Hér má e.t.v. vísa til umfjöllunar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 17/2020, en eins og þar kom fram er Mjöll-Frigg stórtækasti framleiðandinn á rúðuvökva og tjöruhreinsi. Allar líkur eru á að markaðshlutdeild þess sé umtalsverð. Þá bætist við að rúðuvökvi og hreinsiefni er nú einnig selt hjá Olís og í verslunum Bónus og Hagkaups, sem hlýtur að hækka hlutdeildina verulega. N1 og tengd félög hljóta einnig að hafa háa hlutdeild, eða a.m.k. 10%, þar sem rúðuvökvi og önnur hreinsiefni fyrir bifreiðar eru nú einnig seldar í verslunum Krónunnar og á útsölustöðum N1. Þá selur Kemi rúðuvökva og hreinsivörur víðar en í eigin verslun, s.s. í Costco.

7.5. Mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings.

7.5.1 Olíumarkaðurinn

132. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var verðmæti innflutts eldsneytis og smurolíu að verðmæti rúmlega 7.508 milljónir króna (FOB).¹⁷ Allar líkur eru á að hér sé ekki einungis átt við bensín og dísilolíu, heldur einnig þotueldsneyti o.s.frv. Á árinu 2019 flutti Skeljungur inn eldsneyti frá Equinor fyrir [REDACTED] og smurolíu fyrir [REDACTED] milljónir króna. Af því eru fjórar mismunandi tegundir fyrir mismunandi starfsemi, þ.e. sem ekki eru eingöngu til nota á bifreiðar. Nær allur innflutningur Skeljungs á smurolíu eða um [REDACTED] er seldur áfram í heildsölu.

133. Eins og rakið hefur verið kaupir [REDACTED]

¹⁷ Sjá upplýsingar á heimasíðu Hagstofu Íslands: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/utanrikisverslun/voruvidskipti-januar-2020/>, sótt 23.10.2020.



134. Samrunaaðilar telja tolla eða aðrar innflutningshindranir ekki hafa teljandi áhrif á innflutning.

7.5.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

135. Á árstímabili flytur Löður inn um [] lítra af efni frá Kanada að verðmæti [] milljónir kr. Frá Bandaríkjunum eru innkaupin öllu meiri eða um [] lítrar að verðmæti [] milljónir kr. Allur innflutningur Löðurs er til eigin nota. Engin leið er fyrir samrunaaðila til þess að áætla magn eða verðmæti innflutnings keppinauta og afmarka þannig gagnvart kaupum á innlendri framleiðslu.

7.5.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

136. Samrunaaðilar hafa afar takmarkaðar upplýsingar til að geta lagt mat á heildarverðmæti þessa innflutnings, sbr. áður. Skeljungur seldi um [] lítra af hreinsiefnum, þar af um [] lítra af rúðuvökva til einstaklinga árið 2020. Heildavirði smásölu af þeim vörum sem Skeljungur flytur inn og áður voru taldar upp var árið 2020 um [], þar af [] til 10-12 Basko/Kvikkstöðva og [] af sölu útsölumanna á Orkustöðvum í Hveragerði, Þorlákshöfn, Hvolsvelli, Vestmannaeyjum, Freysnesi, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Akureyri, Sauðárkróki, Hvammstanga, Bolungarvík, Ólafsvík, Sandgerði og Grindavík. Sala annarra aðila var lægri. Vert er að taka fram að inni í sölutölum þessum er sala á öllum smáhlutum seldum á Orkustöðvunum, líkt og startkaplar, ilmspjöld, rúðusköfur o.fl.

137. Í ljósi framangreinds og þeirrar staðreyndar að markaðurinn telur að öllum líkindum fleiri milljónir lítra, eru nær engar líkur á því að hlutdeild Skeljungs sé hærrí en []. Þá er óvíst hversu stór hluti eru innflutt hreinsiefni en nokkur innlend framleiðsla er til staðar. Hvað varðar hlutdeild Löðurs er vísað til upplýsinga sem fram koma í lið nr. 7.5.2. hér að framan.

7.6. Hvernig framleiða og selja samrunaaðilar vöru og þjónustu.

7.6.1 Olíumarkaðurinn

138. Skeljungur flytur inn eldsneyti frá Equinor með milligöngu ODR. Skeljungur selur vöru sínar og þjónustu með ýmsum hætti, bæði til einstaklinga á þjónustustöðvum vítt og breitt um landið og til stórnotenda á grundvelli skriflegra samninga, s.s. til eldsneyti til skipa, flugvéla, iðnaðar og verktakstarfsemi á landinu öllu. Vísað er til umfjöllunar í kafla 4.3.1 þar sem greint er frá fyrirkomulagi hjá Skeljungu við innkaup og dreifingu eldsneytis hér á landi.

139. Dælan kaupir eldsneyti í heildsölu af [REDACTED]. Öll sala Dælunnar fer fram á fimm sjálfsafgreiðslustöðvum þess á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptavinir dæla sjálfir eldsneytinu og fylla á rúðuvökva. Þjónusta við viðskiptavini fer fram í gegnum síma, en þeir geta hringt inn á öllum tímum sólarhringsins.

7.6.2 Markaður fyrir bílþvottastöðvar


140. Löður framleiðir alla þjónustu sína sjálfst. Viðskiptavininum stendur annars vegar til boða að kaupa sjálfvirkan þvott og má greina ferli þjónustunnar á mannlausri stöð með eftirfarandi mynd:

Ferli í ómannaðri stöð



141. Á mönnum stöðvum er ferli þjónustunnar skipt eftir því hvort er vetur eða sumar:

Vetrarferli í mannaðri stöð



Viðskiptavinur á samskipti við starfsmenn þegar greitt

Sumarferli í mannaðri stöð



Viðskiptavinur á samskipti við starfsmenn þegar greitt

142. Á þjónustustöðvum Skeljungs má alla jafna finna kústa og þvottaplan sem viðskiptavinir og aðrir geta nýtt til þrifa á bifreiðum sínum.

7.6.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

143. Skeljungur framleiðir engar hreinsi- eða bílavörur sjálfst, heldur kaupir þær af birgjum í Póllandi. Ferlið er þannig að Skeljungur pantar vörur í safngám hjá Venol í Póllandi, sem er sendur af stað þegar hann er orðinn fullur. Í gáminn fara smuroliur, rafgeymar, rúðuvökvi og aðrar bílavörur sem Skeljungur flytur inn þaðan. Gámurinn er fluttur sjóleiðis með Eimskip,

Skeljungur tollar vörurnar og setur í geymslu hjá Eimskip. Smásali pantar vörur hjá sölumanni Skeljungs, sem sendir þær til smásalans. Varan stendur neytendum til boða í verslun smásala og á Orkustöðvum. Skeljungur leitar sífellt leiða til að hagræða í rekstri og standa við skuldbindingar sínar um umhverfisvænni framleiðslu. Því er innflutningur Skeljungs í stöðugri endurskoðun. Á undanförunum mánuðum hefur Skeljungur leitað að innlendum samstarfsaðilum við framleiðslu á rúðuvökva og hafa tilraunir verið gerðar í þeim efnum sem einkum lúta að notkun á lífrænu etanóli sem til stendur að framleiða á Íslandi.

7.7. Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum.

144. Einungis Skeljungur hefur starfsemi á erlendum mörkuðum. Í gegnum dótturfélag sitt P/F Magn selur Skeljungur eldsneyti í smásölu í Færeyjum. Eðli máls samkvæmt er vart mögulegt að bera verðið hér á landi saman við verðið þar, enda er það háð ýmsum ytri þáttum, s.s. olíuverði og gjaldtöku innanlands auk landfræðilegrar legu. Þá er enn meiri fákeppni þar í landi og verðlagning lýtur öðrum sjónarmiðum. Umræddur liður á ekki við um aðra markaði sem samrunaskráin tekur til.

7.8. Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta.


145. Engin lóðréttr samþætting er til staðar hjá Dælunni og Löðri, að því undanskildu að Löður flytur sjálft inn öll aðföng og nýtir í eigin rekstri. Skeljungur kaupir eldsneyti af erlendum birgi sem flytur það sjálfur til landsins. Eldsneytið er síðan geymt í birgðatönkum sem Skeljungur á ýmist sjálft eða leigir af ODR á afmörkuðum svæðum. Skeljungur sér um eigin dreifingu að nær öllu leyti, að undanskilinni þjónustu sem nauðsynlegt að kaupa af ODR til þess að geta haldið uppi þjónustustigi á vissum landsvæðum eins og rakið var í kafla 4.3.1. Skeljungur telst því lóðréttr samþætt fyrirtæki að einhverju leyti og hefur hug á að halda því áfram, þrátt fyrir að hagkvæmni í rekstri sé til sífelldrar skoðunar.

146. Helstu keppinautar Skeljungs og Dælnnar, þ.e. N1 og Olís, njóta hins vegar lóðréttrar samþættingar þar sem félögin starfa bæði á markaði fyrir dreifingu og smásölu eldsneytis í gegnum eignarhald sitt á ODR. Yfirburðastaða ODR á markaði fyrir birgðarými og dreifingu á eldsneyti hefur ekki breyst þrátt fyrir skilyrði Samkeppniseftirlitsins, enda sér það um birgðahald og alla dreifingu fyrir N1, Olís og Dæluna, ásamt því að dreifa eldsneyti fyrir Atlantsolíu. Skeljungur leigir einnig birgðarými af ODR, sem einnig dreifir eldsneyti á tilteknum landsvæðum fyrir Skeljung, sbr. umfjöllun í kafla 4.3.1. Í gegnum sameiginlegt eignarhald N1 og Olís á ODR komast olúfélögin í lykilstöðu þegar keppt er um stóra viðskiptavini. Auk þess felst veruleg hagræðing í rekstri þeirra með samnýtingu birgðarýma, farartækja, olíuskips og mannafla til að dreifa eldsneyti á útsölastaði fjögurra af sex olúfélögum á landinu.

147. Þá má ekki horfa framhjá efnahagslegum styrkleika sem þau félög búa yfir í kjölfar nýlegra breytinga á eignarhaldi. Á árunum 2018-2020 opnuðu N1, Olís/ÓB og Atlantsolía á annan tug bensínstöðva víðsvegar um landið, en einkum á suðvesturhorni landsins. Á sama tíma lokaði Skeljungur einni Orkustöð og lagði niður tvær dísilafgreiðslustöðvar.

7.9. Sundurliðun á heildartekjum sem fram koma í ársreikningum eftir helstu vöruflokkum í starfsemi aðila. Sambærilega sundurliðun skal veita um magn ef við á.

148. Heildartekjur Skeljungs samkvæmt uppgjöri fyrir þriðja ársfjórðung 2020 eru sundurliðaðar með eftirfarandi hætti:¹⁸




149. Heildartekjur Dælnnar samkvæmt ársreikningi 2019 eru allar [REDACTED]. Árið 2020 tók Dælan upp viðskiptakort og bauð þá fyrst upp á reikningsviðskipti. Skiptingin er nú þannig að [REDACTED] tekna Dælnnar kemur vegna staðgreiðsluviðskipta en [REDACTED] vegna reikningsviðskipta. Eins og áður greinir er [REDACTED] veltu vegna smásölu á bensíni en [REDACTED] vegna dísilis.

150. Heildartekjur Löðurs samkvæmt ársreikningi 2019 voru [REDACTED] milljón kr., þar af voru tekjur vegna sölu hreinsiefna og sápu til bílaleigu [REDACTED] milljón kr. Fjöldi þvotta er um [REDACTED] á ári og koma nær allar tekjur Löðurs þaðan.

7.10. Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila.

151. Helstu kostnaðarliðir og kostnaðaruppbygging Skeljungs er með eftirfarandi hætti:

¹⁸ Sjá nánari upplýsingar á slóðinni: <https://www.skeljungur.is/arsreikningar-uppgjor-2020>.



152. Helstu kostnaðarliðir í rekstri Dælnnar eru vegna [vörukaupa, þ.e. eldsneytis sem nemur um 84,4% af heildartekjum. Greiðsla leigu er 8,1%. Aðrir kostnaðarliðir eru óverulegir.]
153. Helstu kostnaðarliðir og kostnaðaruppbygging Löðurs er eftirfarandi:

<i>Kostnaðarliður</i>	<i>Hlutfall af heildartekjum</i>
Laun	[]
Vörukaup	[]
Húsaleiga	[]
Viðhald áhalda og tækja	[]

VIII. KAFLI

Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

- 8.1. Fimm helstu sjálfstæðu birgjar aðilanna og hlutur hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja.

8.1.1. Skeljungur

154. Eini birgir Skeljungs vegna innflutnings á eldsneyti í smásölu er [], sbr. fyrri umfjöllun. Skeljungur kaupir þotueldsneyti frá []. Síðastnefnda félagið er einnig aðalbirgir Skeljungs á öðrum bílavörum, s.s. rúðuvökva og tjöruhreinsi, en bílaþvottavörur eru einnig keyptar af []. Hlutur []. Rafgeyma kaupir Skeljungur frá []. Á fskj. 22 er að finna tengiliðaupplýsingar fyrir eftirfarandi birgja:

Birgjar	Hlutfall af heildarinnkaupakostnaði
[]	[]
[]	[]
[]	[]

[]	[]
Aðrir	[]

8.1.2. Dælan

155. Langstærsti birgir Dælnnar er []
[]

8.1.3. Löður

156. Löður kaupir tjöruleysi af [] sem er [] af heildarvörukaupum yfir árið, eða um [] lítrar. Skeljungur, Olís og Mjöll-Frigg selja einnig sömu vöru. Þrátt fyrir kaup Olís á Mjöll-Frigg selja bæði fyrirtækin tjöruleysi. N1 býður upp á langhagstæðasta verðið, en líklegt þykir að []. Löður kaupir um [] lítra af einni sáputegund hjá [], eða sem nemur um [] af heildarvörukaupum yfir árið. Leitast verður eftir því að fá sömu sáputegund frá sama framleiðanda og aðrar sápur sem Löður kaupir inn, því saman vinna þær að góðri útkomu.

157. Fimm helstu birgjar Löðurs á árinu 2019 voru eftirtaldir aðilar. Á fskj. 23 er að finna tengiliðaupplýsingar fyrir bæði Dæluna og Löður.

Birgjar	Hlutfall af heildarinnkaupakostnaði
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]

8.2. Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.2.1. Olíumarkaðurinn

158. Skeljungur flytur inn eldsneyti og dreifir beint til Eskifjarðar, Reyðarfjarðar, Akureyrar og Reykjavíkur þar sem birgðastöðvar Skeljungs og bílafloti eru staðsettar. Skeljungur sér sjálft um dreifingu eldsneytis á birgða- og afgreiðslustöðvar sínar að undanskildum eftirfarandi tilvikum. []

[] Að

öðru leyti sér Skeljungur sjálft um dreifingu eldsneytis á afgreiðslustöðvar sínar. Skeljungur dreifir ekki lengur eldsneyti fyrir Atlantsolíu.

159. Dælan er háð samningum við aðra aðila um heildsölu og dreifingu á eldsneyti. Fjallað hefur verið um viðskipti Dælnnar við []

[REDACTED].

160. Greiðslukerfi hjá Dælunni var skipt út í nóvember 2019 frá því sem var þegar N1 átti stöðvarnar. Keypt var kerfi af [REDACTED] um að síðarnefnda fyrirtækið myndi þjónusta kerfið. Þannig liggur fyrir að án utanaðkomandi aðila hefur Dælan ekki möguleika á að sjá sjálft um utanumhald birgða, dreifingu og eftirliti þjónustu- og greiðslukerfa.

8.2.2. Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

161. Helsta þjónustukerfið í rekstri Löður eru þvottakerfi, sem koma með vélum frá framleiðanda. Ákveða þarf fyrirfram hvaða þvottakerfi eigi að vera í viðkomandi vélum, sem er síðan sett inn á SD-kort og inn í heila vélarinnar. Framleiðandi er tengdur við Löður til þess að geta aðstoðað ef vélin bilar eða breytinga er þörf. Þá sjá tæknimenn og eftirlitsmenn Löðurs um forritun iðntölvanna og tengja þær við greiðslukerfið, sem [REDACTED]

8.2.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

162. Eimskip annast flutning á gámum með því litla magni af hreinsiefnum sem Skeljungur flytur inn til landsins. Þá notast Skeljungur við þriðja aðila líkt og Flytjanda og Sendibílastöðina til þess að sjá um dreifingu varanna innanlands.

8.3. Mat á heildarafkastagetu síðastliðin þrjú ár.

8.3.1 Olíumarkaðurinn

163. Dreifikerfi Skeljungs hefur afkastað miklu undanfarið ár, en áætlað er að [REDACTED] Samkvæmt framangreindu geta innviðir Skeljungs [REDACTED] Skeljungur leitast sífellt við að skipuleggja betur þróun á dreifikerfum og hámarka nýtingu sem [REDACTED]

8.3.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

164. Heildarafkastageta Löðurs stöðvanna hefur verið óbreytt [REDACTED] miðað við hefðbundinn opnunartíma og fjölda bíla á klukkustund. Árið 2018 rak Löður þvottastöð við Smáralind í Kópavogi undir heitinu „Spass“ í nokkra mánuði, þar til þurfti að loka henni vegna skipulagsbreytinga á svæðinu. Á meðan hún var í rekstri jókst

afkastageta félagsins upp í [REDACTED] bíla. Nýtingarhlutfallið hefur verið um [REDACTED] á tímabilinu. Heimsfaraldur kórónaveirunnar hefur sett strik í reikninginn og er áætlað að nýtingarhlutfall ársins 2020 lækki og verði [REDACTED].

8.3.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

165. Starfsemi samrunaaðila á þessum markaði er verulega takmörkuð og hefur hingað til nær eingöngu lotið að eigin þörfum.

8.4. Aðrir þættir framboðs sem máli skipta

166. Samrunaaðilar telja ekki aðra þætti framboðs skipta máli.

8.5. Tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavinir aðilanna á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og hlutfall sölu til þeirra.

167. Tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavinir Skeljungs á Orkustöðvunum 64 sem eru staðsettar um allt land eru: [REDACTED].

168. Viðskiptavinir Dælunnar eru bæði einstaklingar og fyrirtæki, en [REDACTED] þeirra staðgreiðir í hvert sinn. Einungis um [REDACTED] viðskiptavina eru í reikningsviðskiptum og eru það nær eingöngu fyrirtæki. Ekki er hægt að taka saman upplýsingar um tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavini Löðurs, enda er [REDACTED] viðskipta staðgreiðsluviðskipti en einungis [REDACTED] eru vegna reikningsviðskipta. Staðgreiðsluviðskipti eru aðallega einstaklingar með eigin bíla en fyrirtæki eru meirihluti þeirra aðila sem eru í reikningsviðskiptum. Löður er með viðskiptakort (bæði gegn staðgreiðslu og í reikningsviðskiptum), sem viðskiptavinir geta nálgast og notað á stöðvunum til að njóta betri kjara.

8.6. Eftirspurn á hverjum markaði.

8.6.1. Olíumarkaðurinn

a) Þróun markaðarins

169. Fyrirséð er að þær breytingar sem hafa átt sér stað á undanförunum misserum munu ekki ganga til baka, heldur mun eftirspurn eftir jarðefnaeldsneyti dragast enn frekar saman. Það þarf vart að fjölýrða um þá staðreynd að markaðurinn mun dragast verulega saman á næstu árum og áratugum, m.a. vegna orkuskipta og umhverfissjónarmiða. Þetta á við hvort sem horft er til samgangna í lofti, láði eða legi. Um 80% af frumorkunýtingu Íslendinga kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum og því eru orkuskipti í samgöngum ein helsta forsenda þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Langmikilvægasti hluti loftslagsmála á Íslandi er þannig að takmarka bruna olíu í vegasamgöngum.¹⁹ Sú stefna hefur bein áhrif á stærð eldsneytismarkaðarins. Samkvæmt þingsályktun nr. 18/146 um aðgerðaráætlun um orkuskipti, sem samþykkt var á Alþingi 31.

¹⁹ Samantekt um orkuskipti í vegasamgöngum, samantekt unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið, bls. 2. Sjá slóðina <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a655b9ef-b4e5-11e8-942c-005056bc4d74>

maí 2017 er stefnt að því að auka hlutdeild innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á kostnað jarðefnaeldsneytis.²⁰ Markmiðið er að hlutfallið verði komið í 40% í samgöngum á landi árið 2030 og 10% í haftengdri starfsemi. Skeljungur hóf árið 2018 markvissa vinnu til að bæta stefnu félagsins um samfélagsábyrgð til þess að takmarka neikvætt fótspor þess. Stöðugt er unnið að því að draga úr umhverfisáhrifum sem leiðir af rekstri félagsins, m.a. með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka notkun og framboð á umhverfisvænum vörum, þ.m.t. endurnýtanlegum orkugjöfum.²¹ Orkuskiptin eru orðin beinn hluti af rekstri félagsins enda hefur Skeljungur opnað vetnisstöðvar, metanstöð og rafmagnshlöður.

170. Skeljungur telur aðra hluta olíumarkaðarins, þ.e. sölu á þotueldsneyti, eldsneytis til sjávarútvegs auk iðnaðar- og verktakastarfsemi muni nokkurn veginn halda velli á næstu árum. Það er hins vegar markmið stjórnvalda að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í sjávarútvegi um 10% fyrir árið 2030, svo það kann að hafa áhrif.
171. Þá hefur heimsfaraldur Covid-19 haft áhrif á markaðinn og afkomu Skeljungs, eins og sjá má [REDACTED]. Innlend ferðaþjónusta nánast hrundi í einu vetfangi og erlendir ferðamenn hurfu á braut auk 13,6% samdráttar í umferð vegna samkomutakmarkana, sem leiddi til þess að sala á bifreiðaeldsneyti dróst saman um [REDACTED]. Sala eldsneytis til langferðabíla og bílaleigubíla dróst að sama skapi verulega saman og þá féllu [REDACTED].

b) Vægi viðskiptavinavildar

172. Að mati Skeljungs hefur félagið byggt um traust og rótgróið vörumerki og býr yfir góðu viðskiptaneti. Meðfylgjandi er greining sem kallast „meðmælavísitala“ frá árinu 2020, en Skeljungur keypti ekki slíka greiningu árið 2019 (fskj. 25). Þá fylgir með skýrsla yfir vörumerkjамælingar frá árinu 2020 (fskj. 26).
173. Dælan er ungt félag á markaði og hefur enn ekki lánast að byggja sér upp viðskiptavild að nokkru ráði. Eins og rakið var hér að framan er [REDACTED].

Til samanburðar verður notast við árið 2020 hjá Dælunni:

	N1 2017	Dælan 2020	Hlutfallslegur munur
Fjöldi seldra lítra	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]

²⁰ Sjá: <https://www.althingi.is/altext/146/s/1002.html>

²¹ Sjá umfjöllun um samfélagsuppgjör í ársskýrslu Skeljungs, sem nálgast má á slóðinni: <https://arsskyrsla.skeljungur.is/samfelagsuppgjor/umhverfi/>

174. Að mati stjórnenda Dælnnar eru fáar aðrar skýringar en [REDACTED]. Það er eina breytan sem virðist vera til staðar. Í meðfylgjandi [REDACTED]

175. Sem nýr aðili á markaði hóf Dælan uppbyggingu á viðskiptavinahópi sínum í mars 2019. Reynt var að halda vörumerki Dælnnar á lofti með því að bjóða áfram lágt verð, en erfitt var að standa undir því þar sem keppinautar lækkuðu þá verðið enn frekar. Þar sem eldsneyti allra olíufélaga á markaðnum er sama varan skiptir í raun engu máli fyrir viðskiptavinum hvar þeir kaupa eldsneyti. Vörumerkjatryggð virðist helst bundin við afsláttarkjör og staðsetningu stöðva. Á fskj. 28 er að finna könnun á vegum Gallup „Dælan top of mind“ frá júlí 2020, þar sem vörumerkið er greint.

c) Samþjöppun og dreifing neytenda

176. Engin samþjöppun er meðal viðskiptavina í smásölu á eldsneyti, enda eru það einstaklingar sem kaupa eldsneyti í litlum skömmtum til eigin nota hverju sinni. Í ljósi lágrar hlutdeildar Dælnnar á markaði er ekki gert ráð fyrir að samruninn leiði til frekari samþjöppunar, heldur væri líkleggra að samkeppni eigi eftir að aukast með fleiri eldsneytisstöðvum Orkunnar, sem leiði til aukinnar hagkvæmni í rekstri og færi neytendum ábata.

177. Skeljungur bendir á að svo virðist sem [REDACTED]

d) Skipting viðskiptavina í ólíka flokka og lýsing á dæmigerðum viðskiptavin

178. Á Orkustöðvum Skeljungs koma margir mismunandi viðskiptavinir. Á fyrirtækjamarkaði taka bæði stórir og smáir aðilar eldsneyti í sjálfsafgreiðslu. Á einstaklingsmarkaði eru eingöngu þeir sem taka eldsneyti í sjálfsafgreiðslu viðskiptavinir Skeljungs. Tryggasti hópur viðskiptavina á einstaklingsmarkaði eru þeir sem kolefnisjafna akstur sinn í samstarfi við Skeljung og Votlendissjóðinn.

179. Viðskiptavinir Dælnnar eru eins og áður segir mestmegnis einstaklingar en einhver fyrirtæki eru í reikningsviðskiptum.

e) Vægi samninga um einkadreifingu og langtímasamninga

180. Engir slíkir samningar eru til staðar hjá Skeljungu. Eins og áður greinir er Skeljungur með eigið dreifikerfi og dreifir eldsneyti á eigin stöðvar og til viðskiptavina. Þeirri þjónustu sem Skeljungur kaupir af ODR hefur verið lýst framfar. [REDACTED] Samningur Dælnnar við Festi hf. (N1 og ODR) um kaup á eldsneyti og dreifingu er til [REDACTED].
181. Að öðru leyti eru ekki gerðir sérstakir langtímasamningar, heldur eru [REDACTED].

f) Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofunum o.fl.

182. Að mati Skeljungs og Dælnnar hefur eftirspurn þessara aðila ekki slíkt vægi að nauðsynlegt sé að hafa þá í föstum viðskiptum.

8.6.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

a) Þróun markaðarins

183. Heimsfaraldur Covid-19 hefur sett umtalsvert mark á rekstur Löðurs, enda hafa stórar bílaleigur fært sig um set eða hætt starfsemi sem endurspeglast í minni viðskiptum hjá Löðri. Bæði leigubílstjórar, sem eru þó nokkuð stór hluti viðskiptavina Löðurs, sem og almenningur, hafa dregið úr komu sína á þvottastöðvarnar. Vonir standa þó til þess að staðan batni eftir því sem dregur úr áhrifum faraldursins og innlend ferðaþjónusta tekur við sér.
184. Samrunaaðilar telja að vægi bílaþvottastöðva muni aukast á komandi árum. Eftirspurnin hljóti að vaxa, meðal annars vegna umhverfissjónarmiða þar sem búið er að mæla nákvæmlega magnið fyrir hvern þvott og með því er komið í veg fyrir sóun á efnum og þeim fargað á löglegan og öruggan hátt. Það var ein meginforsendan fyrir því að [REDACTED]. Sömu sjónarmið eiga við vegna fjölgunar á grænum íbúðarkjörnum. Þá leitast almenningur sífellt við að hámarka nýtingu á frítíma í dagsins önn og þá er allur sparnaður í verki dýrmætur.

b) Vægi viðskiptavinavildar

185. Stefna Löðurs er að byggja upp [REDACTED]. Kortin voru tekin í umferð árið 2016 og nema reikningsviðskipti um 9% af heildartekjum félagsins. Viðskiptavinir í reikningsviðskiptum eru aðallega [REDACTED], en gott aðgengi að stöð er mikilvægt.
186. Löður hefur starfað lengi á markaðnum og er vel þekkt vörumerki í bílaþvotti hér á landi. Löður telur viðskiptavinir leita til félagsins vegna góðrar þjónustu og sérþekkingar á bílaþvottum. Að mati samrunaaðila er engin sérstök vöruaðgreining til staðar á markaðnum, enda bjóða keppinautar Löðurs sömu vöruna, þ.e. bílaþvott, alþrif, sjálfsafgreiðslu o.fl. Þrátt fyrir að heildarvöruúrval Löðurs sé víðtækara en hjá helstu keppinautum, sem flestir bjóða upp á eina tegund af bílaþvotti, fer eftirspurnin eftir þörfum viðskiptavinarins hverju sinni.

c) Samþjöppun og dreifing neytenda

187. Á ekki við. Neytendur eru almenningur allur, neytendur og fyrirtæki.

d) Skipting viðskiptavina í ólíka flokka og lýsing á dæmigerðum viðskiptavin

188. Eins og áður greinir eru viðskipti Löðurs að langstærstu leyti í formi staðgreiðsluviðskipta eða [■]. Það eru aðallega einstaklingar sem standa að baki þeim. Fyrirtæki eru einkum í reikningsviðskiptum, sem telja [■] heildarviðskipta. Ætla má að dæmigerð skipting og hlutfall milli viðskiptavina sé með sama hætti.

e) Vægi samninga um einkadreifingu og langtímasamninga

189. Á ekki við. Engir slíkir samningar, a.m.k. sem hafa nokkuð vægi, eru til staðar hjá Löðri.

f) Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofunum o.fl.

190. Hvað Löður varðar eru nokkrar opinberar stofnanir í viðskiptum við Löður, en ekki þannig að meiri eftirspurn sé eftir þjónustu Löðurs en annarra aðila á markaðnum. Aðallega er litið til staðsetninga á þjónustunni og þar sem stöðvar Löðurs eru dreifðar víða um höfuðborgarsvæðið er staða þess að vissu leyti sterk.

8.6.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

191. Samrunaaðilum eru veruleg vandkvæði á höndum við neðangreinda umfjöllun um þennan markað. Starfsemi Skeljungs er svo takmörkuð á honum að lítill sem enginn gaumur hefur verið gefinn að þessum atriðum. Þá hefur Löður nær eingöngu flutt inn efni til nota í eigin rekstri og hefur því ekki forsendur til þess að nákvæmt mat á eftirfarandi atriði. Svör samrunaaðila verður að skoða með þessum fyrirvörum, sem taka einkum mið af umfjöllun í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 17/2020 vegna kaupa Olís á Mjöll-Frigg.

a) Þróun markaðarins

192. Samrunaaðilar telja að almennt séð hljóti markaðurinn að hafa stækkað undanfarin ár. Allar líkur eru á því að fleiri framleiðendur hafi komið fram, bæði hér á landi og erlendis, þrátt fyrir að samrunaaðilar hafi ekki vitneskju um breytingar á markaðnum. Þá kann vægi umhverfisverndar að hafa áhrif, enda eru neytendur sífellt að verða meðvitaðri um eiginleika þeirra efna sem skolast út í náttúruna. Vörur sem gæta að þessum atriðum ættu að hafa meira vægi en áður, þrátt fyrir að erfitt sé að fullyrða um þróun í þessum efnun.

b) Vægi viðskiptavinvildar

193. Allar líkur eru á því að viðskiptavinvild sé lítil ef nokkur, enda virðast viðskipti færast oft og auðveldlega á milli birgja, sbr. ákvörðun 17/2020.

c) Samþjöppun og dreifing neytenda

194. Samrunaaðilar telja allar líkur á því að lítil samþjöppun sé til staðar á meðal innflytjenda og einstakir framleiðendur geti vel hafið framleiðslu á öðrum vörum. Neytendur eiga auðvelt með að flytja sig á milli birgja eða smásala, sem bjóða vörur sínar á ýmsum stöðum.

d) Skipting viðskiptavina í ólíka flokka og lýsing á dæmigerðum viðskiptavin

195. Neytendur skiptast í stórnotendur og einstaklinga. Stórnotendur kaupa hreinsiefni í meira magni en neytendur, öðrum umbúðum og mögulega á öðrum kjörum sem taka mið af því. Einstaklingar geta nálgast vörur hjá sérstökum verslunum t.d. Rekstrarlandi (í eigu Olís), bifreiðaverkstæða, smurstöðva, verslunum og þjónustustöðvum olíufélaganna að undanskildum sjálfsafgreiðslustöðvum.

e) Vægi samninga um einkadreifingu og langtímasamninga

196. Samrunaaðilar eru ekki aðilar að slíkum samningum og vita ekki til þess að þeir tíðkist á markaðnum.

f) Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofunum o.fl.

197. Samrunaaðilar eiga ekki viðskipti við opinbera aðila á þessum markaði og geta ekki fullyrt um vægi hennar fyrir aðra aðila. Þó má leiða líkum að því að það sé ekki mikið, enda kaupendur margir og fjölbreyttur hópur bæði einstaklinga og fyrirtækja.

8.7. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum.

8.7.1. Olíumarkaðurinn

198. Innkoma Costco árið 2017 hafði gríðarleg áhrif á olíumarkaðinn. Fyrirtækið opnaði eldsneytisstöð samhliða opnun á verslun sinni í Garðabæ. Verðið sem Costco hefur boðið á bifreiðaeldsneyti hefur verið mun lægra en neytendum hefur staðið til boða á öðrum stöðvum. Því náði Costco strax umtalsverðri markaðshlutdeild í eldsneytissölu. Þá er Dælan nýr aðili á olíumarkaðnum. Engar opinberar upplýsingar liggja fyrir sem hægt er að áætla hlutdeild Dælunnar út frá, en Dælan áætlar að félagið hafi verið með um [] hlutdeild á markaðnum árið 2019. Hins vegar fór hlutdeildin []

199. Þetta sýnir glögglega hversu erfiðlega nýjum aðilum hefur gengið að hasla sér völl á markaðnum og hversu mikil áhrif innkoma Costco hefur á neysluvenjur höfuðborgarbúa.

8.7.2. Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

200. Bónstöðin Höfðatorgi kom inn á markaðinn innan þessa tímabils og er enn starfandi. Að öllum líkindum hafa fleiri og minni aðilar einnig komið inn á markaðinn, bæði á höfuðborgarsvæðinu og öðrum landfræðilegum mörkuðum.

8.7.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

201. Samrunaaðilar hafa ekki vitneskju um hvort nýr aðili hafi haslað sér völl á markaðnum á þessu tímabili. Það eru þó allar líkur á því, enda markaðurinn opin og aðgangshindranir óverulegar.

8.8. Telja aðilar samrunans að til séu fyrirtæki, þ.m.t. erlend fyrirtæki, sem eru líkleg til að hasla sér völl á markaðnum.

8.8.1. Olíumarkaðurinn

202. Samrunaaðilar telja ekkert standa í vegi fyrir því að erlendir aðilar komi til landsins til þess að hefja beina starfsemi á olíumarkaðnum. Íslenskur olíumarkaður er hins vegar að mestu leyti mettur og ekki er hægt að telja landið stórt markaðssvæði með möguleika til stækkunar. Þá verður að hafa í huga að eftirspurn eftir jarðefnaeldsneyti fer minnkandi hvort sem um ræðir af hálfu einstaklinga, fyrirtæki eða hið opinbera. Raunar hefur því verið spáð að á árunum 2015-2025 muni selt heildarmagn bensíns og díselolíu á bifreiðar dragast saman um 20%.

203. Hins vegar sýnir innkoma Costco á markaðinn glöggt að það er vissulega rými fyrir annan (og erlendan) aðila til að ná umtalsverðri hlutdeild á skömmum tíma, búi hann yfir nægilegri aðgreiningu á markaðnum. Samrunaaðilar benda á að innkoman er erfið, nema umræddur aðili sé verulega öflugur og geti aðgreint sig nægilega frá öðrum eldsneytissmáöslum. Skýrt dæmi er að jafnvel þótt fyrir Dælunni færi fyrrverandi forstjóri Skeljungs, sem hefur umfangsmikla þekkingu á markaðnum, [REDACTED].

204. Því er ekki hægt að slá því föstu að innkoma nýrra aðila sé óraunhæf.

8.8.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

205. Samrunaaðilar telja ekki ólíklegt að nýr aðili geti haslað sér völl á markaði fyrir bílaþvott, hvort sem um ræðir einyrkja, bónstöðvar eða sjálfvirkar þvottastöðvar. Þá er sóknarfæri fyrir bílaleigur og aðra aðila sem eiga sjálfvirkar þvottastöðvar til að sækja inn á markaðinn og bjóða neytendum aðgang að innviðum sínum. Að mati samrunaaðila geta erlendir aðilar vel hafið starfsemi hér á landi.

8.8.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

206. Samrunaaðilar telja ekkert standa því í vegi að nýir aðilar, hvort sem er innlendir eða erlendir hasli sér völl í sölu á hreinsiefnum.

8.9. Þættir sem áhrif hafa á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.9.1 Olíumarkaðurinn

a) Heildarkostnaður við að hasla sér völl á markaðnum

207. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um hvað kostar nýjan aðila að hasla sér völl á olíumarkaðnum. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins vegna markaðsrannsóknar á olíumarkaðnum er

fjallað um stofnkostnað, sem getur verið töluverð hindrun.²² Samkvæmt tölum sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá olúfélögunum væri nauðsynlegur stofnkostnaður sjálfsafgreiðslustöðvar á bilinu 65-85 milljónir króna og árlegur rekstrarkostnaður um 5-15 milljónir. Hygðist nýr aðili bjóða upp á þjónustustöð væri stofnkostnaðurinn töluvert hærri eða á bilinu 300-550 milljónir króna og árlegur rekstrarkostnaður um 65-170 milljónir króna. Kostnaður við að hasla sér völl á markaðnum hleypur því á hundruðum milljóna króna og einungis á færi fjársterkra aðila að koma að og viðhalda slíkum rekstri.

208. Samkeppniseftirlitið aflaði jafnframt upplýsinga um væntan kostnað nýs aðila vegna birgðahalds á eldsneyti, en bygging nýrrar birgðastöðvar væri á bilinu 150-300 milljónir króna. Til viðbótar þessu þyrfti nýr aðili að tryggja sér aðgang að olúflutningabifreiðum til þess að dreifa eldsneytinu. Slíkur kostnaður er töluverður en getur mögulega verið afturkræfur ef illa fer. Í ljósi þess að markaðurinn er að mestu leyti mettur og fyrirséð er að draga mun úr eftirspurn á komandi árum, er vænt hagnaðarvon aðila sem hefur rekstur frá grunni, ekki beysin. Erfitt væri að réttlæta gríðarlega stofnkostnað sem myndi að öllum líkindum ekki nást aftur. Til þess að ná til sín verulegum hluta viðskipta þyrfti nýr aðili að aðgreina sig þó nokkuð frá núverandi félögum, líkt og heppnaðist í tilviki Costco og kaupa eldsneyti í heildsölu af öðrum aðilum á markaðnum. Við mat á heildarkostnaði við innkomu á markaðinn má jafnframt horfa til þess að Einir ehf. greiddi [] milljón kr. fyrir stöðvarnar fimm og samninga um kaup á eldsneyti, birgðahaldi og dreifingu af N1 hf. fyrir réttu ári síðan. Að mati Dællunnar er kostnaður við að hasla sér völl á markaðnum að lágmarki [] milljón kr. og byggir það mat á kaupverði búnaðar frá ODR og kostnaði við uppsetningu stöðvanna.

b) Aðgangshindranir

209. Framangreind atriði fela í sér töluverðar aðgangshindranir fyrir nýjan aðila á markaðnum, hvernar þjóðar sem hann er. Á Íslandi er fjöldi eldsneytisstöðva mikill í alþjóðlegum samanburði. Auk þess er yfirlýst stefna Reykjavíkurborgar að fækka fjölda eldsneytisstöðva, sem þjóna mun færri einstaklingum en í nágrennaríkjum okkar. Stefna Reykjavíkur um að fjölga ekki eldsneytisstöðvum felur í sér verulega aðgangshindrun á þeim mikilvæga landfræðilega markaði. Þá gera skipulagslög ekki ráð fyrir að horft verði til samkeppnissjónarmiða við úthlutanir lóða. Því er ólíklegt að leyfi fyrir byggingu nýrrar stöðvar yrði veitt á höfuðborgarsvæðinu.
210. Innkoma á markaðinn væri líklega háð samningi nýs aðila við eitt olúfélaganna um kaup á eldsneyti í heildsölu, birgðahaldi og dreifingu á stöðvarnar. Takmarkaðar forsendur eru fyrir nýjan aðila að koma sér upp nýrri aðstöðu hvað þetta varðar. Olúfélögin hafa jafnframt verið talin lóðrétt samþætt, sem veiti þeim forskot í samkeppni á markaðnum. Sú staðreynd að félögin starfa á mörgum stigum olúmarkaðarins, þ.e. innflutningi, birgðahaldi, dreifingu og smásölu, er talin fela í sér aðgangshindrun. Skeljungur telur sig þó ekki vera í sömu stöðu og keppinautar sínir Olís og N1 á sviði birgðahalds og dreifingar.
211. Nauðsynlegt er að benda á að með skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið setti starfsemi ODR í ákvörðunum nr. 8 og 9/2019, varð aðgengi að birgðarými opnara. Slíkt er alger forsenda þess að olúfélag geti boðið upp á þjónustu á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum landshlutum. Því má segja að einni aðgangshindrun á markaðinn hafi þegar verið rutt úr vegi og er það vel.

²² Sjá umfjöllun á bls. 149-150 í frummatsskýrslunni.

c) Einkaleyfi

212. Enginn samrunaaðila nýtir sér einkaleyfi sem máli skiptir fyrir reksturinn.

d) Vægi stærðarhagkvæmni

213. Stærðarhagkvæmni skiptir miklu máli fyrir olúfélög, enda er mikill fastur kostnaður samfara rekstri þeirra sem er óháður fjölda viðskiptavina. Töluverð fjárfesting liggur í birgðastöðvum, bifreiðum og eldsneytisstöðvum Skeljungs. Þá er framlegð af viðskiptum ekki há og því afar mikilvægt að selja töluvert magn til þess að reksturinn borgi sig. Erfitt er að leggja nákvæmt mat á vægi stærðarhagkvæmni, en nærtækast er að benda á [REDACTED].

e) Nytjaleyfi og verkkunnátta

214. Ekki er þörf á nytjaleyfi eða verkkunnátta, umfram það sem almennt á við í rekstri fyrirtækja.

f) Aðgangur að birgðum og hráefni

215. Ítarlega var farið yfir þessi atriði hér að framan. Ítrekað er að ótryggur aðgangur er að eldsneyti í heildsölu fyrir litla aðila eins og Dæluna. Þar sem sjálfstæður innflutningur og dreifing er ekki möguleiki fyrir minni aðila er aðgangur að viðskiptasamningum við stærri aðila á markaðnum nauðsynlegur. Skeljungur hefur góðan aðgang að birgðum og hráefni sem það flytur sjálft inn. Þar á meðal eru allar bílaþvottavörur fluttar inn erlendis frá, en áður var Mjöll-Frigg ehf. einn stærsti birgir Skeljungs í þeim vöruflokki. Eftir að Olís (Hagar) festu kaup á Mjöll/Frigg, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 17/2020 var leitað á önnur mið. Sýnir það hversu auðvelt er að skipta um birgja á þessum markaði og þá skiptir litlu hvort um innlendan eða erlendan aðila er að ræða.

g) Aðgangur að aðstöðu eða samstarfi til að geta veitt þjónustuna


216. Þegar hefur verið tæpt á þessum atriðum varðandi olíumarkaðinn. Skeljungur telur sig hafa góðan aðgang að aðstöðu og viðskiptum við ODR á þeim sviðum markaðarins sem félagið getur ekki haldið úti eigin starfsemi. Ætli nýr aðili sér að hefja starfsemi á markaðnum verður hann að hafa tryggt sér birgðaaðstöðu og dreifingu á eldsneyti til þess að geta selt eldsneyti í smásölu.

8.9.2 Markaður fyrir bílaþvottastöðvar

a) Heildarkostnaður við að hasla sér völl á markaðnum

217. Heildarkostnaður við að hasla sér völl á markaðnum er mismunandi eftir því hversu mikla þjónustu nýr aðili ætlar sér að bjóða neytendum. Þannig er hægt að velja um margar tegundir þjónustu og leiðir inn á markaðinn. Nýr aðili verður að greina vel hvaða viðskiptavinum hann vill þjónusta. Ætli hann ná til allra bílaeigenda er t.a.m. ekki skynsamlegt að setja upp sjálfsafgreiðslubáa þar sem ekki allir hafa tök á að þvo bílinn sjálfir. Staðsetning þvottastöðva skiptir einnig máli en mikilvægt er að hafa hana í nærumhverfi viðskiptavina. Við byggingu þvottastöðva þarf að horfa til aðgengis fyrir bílaumferð og gera ráð fyrir plássi fyrir utan stöðina, enda myndast stundum raðir þegar beðið er eftir þvotti. Hér þarf aftur að horfa á hvers konar stöð er ætlunin að reisa. Húsnæðið sjálft getur líka verið margbreytilegt, allt frá 100-1000 fm², allt eftir því hvernig þjónusta á að bjóða upp á.

218. Hér á eftir verða tekin fern dæmi um kostnað við stofnun stöðvar í ljósi framangreinds. Miðað verður við kostnað stöðvar með þvottagöng, sjálfsafgreiðslubása, sjálfvirka burstastöð og sjálfvirka snertilausa stöð. Samantektin byggir á upplýsingum frá stjórnendum Löðurs, birgjum félagsins og öðrum samstarfsaðilum.



219. Taflan sýnir áætlaðar tekjur miðað við a) *stóra stöð* (þvottagöng 30-50m löng) sem viðskiptavinur keyrir í gegnum eða bíllinn er dreginn áfram á færiband; b) *sjálfsafgreiðslubás* þar sem viðskiptavinur greiðir fyrir aðgang að tækjum og efnum; c) *sjálfvirka burstastöð* þar sem keyrt er inn í stöðina, bíllinn er í kyrrstöðu á meðan svampar og efni fara yfir bíllinn og d) *sjálfvirk snertilaus stöð* þar sem keyrt er inn í stöðina og bíllinn er í kyrrstöðu á meðan háþrýstingur og efnum er sprautað yfir bíllinn. Í töflunni má sjá heildarkostnað við uppsetningu á nýrri stöð og kostnað við markaðssetningu. Einnig er sett fram áætluð afgreiðslugeta og nýting til að áætla markaðshlutdeild með nýjum aðilum. Aðilar sem hafa hug á innkomu á höfuðborgarsvæðinu geta stuðst við alla framangreinda möguleika. Fyrir aðila sem vill keppa á landsbyggðinni, s.s. Akureyri eða Reykjanesbæ, er hagstæðast að opna minni stöð eins og þær sjálfvirku. Stöð með þvottagöngum er of lítil fyrir önnur svæði en höfuðborgarsvæðið.
220. Við þetta má bæta að lítill kostnaður er fólgin í því að opna bónstöð, sem getur yfirleitt einungis þjónustað einn bíl í einu og tekur verkið um tvær klukkustundir. Slíkar stöðvar þurfa ekki mikið pláss en það ætti að duga að vera með tvö bílastæði nálægt, eins og t.d. Kringlubón, sem leigir plássíð og nýtir bílastæðin sem þegar eru til staðar. Eðli málsins samkvæmt er slík stöð ekki afkastamikil og tilkostnaður óverulegur.
- b) Aðgangshindranir**
221. Aðgangur að markaðnum er öllum opinn. Hægt er að hafa rekstur á mismunandi stöðum og bjóða upp á mismunandi þjónustu. Engar sérstakar aðgangshindranir eru inn á markaðinn, að

undanskildum kostnaði við að koma sér upp þjónustustöð og er ítarleg grein gerð fyrir mismunandi sviðsmyndum hans í lið c hér að framan.

c) Einkaleyfi

222. Enginn samrunaaðila nýtir sér einkaleyfi sem máli skiptir fyrir reksturinn.

d) Vægi stærðarhagkvæmni

223. Stærðarhagkvæmni skiptir þó nokkru máli, þ.e. að hafa margar stöðvar í rekstri og þjónusta viðskiptavini í sínu nærumhverfi.

e) Nytjaleyfi og verkkunnátta

224. Ekki er þörf á nytjaleyfi eða verkkunnáttu, umfram það sem almennt á við í rekstri fyrirtækja.

f) Aðgangur að birgðum og hráefni

225. Greiður aðgangur er að birgðum og hráefnum bæði hér á landi og erlendis.

g) Aðgangur að aðstöðu eða samstarfi til að geta veitt þjónustuna

226. Í tilviki bílaþvottastöðva er engin sérstök aðstaða sem þarf til, en þær geta í raun starfað í hvaða húsnæði sem er. Þó er nauðsynlegt að sand- og olíuskilja sé til staðar.

8.9.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum fyrir bifreiðar

a) Heildarkostnaður við að hasla sér völl á markaðnum

227. Samrunaaðilar hafa ekki forsendur til að leggja nákvæmt mat á heildarkostnað við að hasla sér völl á markaðnum, enda eru margar breytur sem spila þar inn í. Það sem að lágmarki þarf er samningssamband við erlendan birgja eða innlendan framleiðanda og aðgangur að útsölustöðvum, sem eru fjölmargir.

b) Aðgangshindranir

228. Samrunaaðilar telja ekki verulegar aðgangshindranir til staðar inn á markaðinn, en þó gæti styrkur stærstu aðilanna og eignarhald á matvöruverslunum haft hindrandi áhrif fyrir nýjan aðila sem vill koma vörum sínum í umfangsmikla dreifingu.

c) Einkaleyfi

229. Samrunaaðilar þekkja ekki til þess að einkaleyfi séu nauðsynleg til þess að starfa á markaðnum.

d) Vægi stærðarhagkvæmni

230. Samrunaaðilar telja nauðsynlegt að tiltekinni stærðarhagkvæmni sé náð, þ.e. stærð sölunetsins, líkt og almennt gengur og gerist hjá innflytjendum á vörum.

e) Nytjaleyfi og verkkunnátta

231. Samrunaaðilar telja það ekki nauðsynlegt umfram það sem almennt gengur og gerist í rekstri fyrirtækja, að undanskildum áhuga og þekkingu á hreinsiefnum.

f) Aðgangur að birgðum og hráefni

232. Hér kemur aftur til skoðunar nauðsyn þess að hafa samningssamband við erlenda birgja, sem ætti ekki að vera torvelt að afla, eða innlandan aðila sem framleiðir viðkomandi vöru.

g) Aðgangur að aðstöðu eða samstarfi til að geta veitt þjónustuna

233. Samrunaaðilar benda á að nauðsynlegt er að ná samning við smásala sem hefur útbreidda starfsemi á höfuðborgarsvæðinu.

8.10. Vægi rannsókna og þróunar hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma litið. Eðli rannsókna og þróunar á vegum samrunaaðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

234. Samrunaaðilar telja þessi atriði ekki skipta máli hér. Þó má benda á að vegna orkuskipta í samgöngum er ljóst að aðrir orkugjafar eru nauðsynlegir. Vinnsla og nýting þeirra, ásamt framsetningu til neytandans skiptir miklu máli ætli félag sér að taka áfram þátt í samkeppni á markaðnum.

8.11. Samstarfssamningar (láréttir og/eða lóðréttir) á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.11.1 Olíumarkaðurinn

235. Vísað er til umfjöllunar hér að framan, þar sem farið var yfir sameiginlegt eignarhald Skeljungs á fyrirtækjum á mörkuðum auk viðskipta við ODR á einstökum hlutum hans. Þá selur Skeljungur eldsneyti í heildsölu til Costco, bæði bensín og ólitaða dísilolíu. Dælan hefur gert tvenns konar [REDACTED], eins og rakið er í 4.3.2 og er vísað til þeirrar umfjöllunar.

8.11.2 Markaður fyrir bílaþvott

236. Vísað er til umfjöllunar í lið 4.3.2 þar sem grein er gerð fyrir samningum Löðurs við [REDACTED] um leigu á húsnæði eða lóðum undir starfsemi sína.

8.11.3 Markaður fyrir innflutning og sölu á hreinsiefnum til bílaþvottar

237. Engir slíkir samningar eru til staðar.

8.12. Mikilvægustu samstarfssamningar, sem samrunaaðilar hafa gert við aðra á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, til dæmis samningar um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu/þjónustu, sérhæfingu, dreifingu og upplýsingaskipti.

238. Þegar hefur verið gerð grein fyrir samningum sem aðilar hafa gert við aðra aðila á umræddum mörkuðum og gætu fallið hér undir, sbr. umfjöllun í lið 4.3.

8.13. Atvinnugreinasamtök sem samrunafyrirtæki tilheyra.

239. Skeljungur er aðili að Samtökum verslunar og þjónustu (SVP), auk Samtökum atvinnulífsins. Dælan er ekki aðili að neinum atvinnugreinasamtökum en Löður er aðili að SVP.

IX. KAFLI

Áhrif á neytendur og milliliði

9.1. Möguleg áhrif samrunans á olíumarkaði

Markaður fyrir smásölu eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu

240. Að mati samrunaaðila hefur samruninn einungis jákvæð áhrif á neytendur, enda fylgir honum engin samkeppnisleg röskun. Aukning í markaðshlutdeild Skeljungs í smásölu eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu leiðir ekki til markaðsráðandi stöðu sameinaðs félags á höfuðborgarsvæðinu, enda er hlutdeild Dælnnar [REDACTED]. Því eru lárétt áhrif samrunans afar takmörkuð á smásölumarkaði. Styrkur helstu keppinautanna N1 og Olís er jafnframt það mikill að engar líkur eru á að Skeljungur geti talist starfa án tillits til viðskiptavina eða keppinauta sinna í kjölfar samrunans. Tilvist Costco er jafnframt mikilvægur þáttur í mati á samkeppni á markaðnum, en ekki er hægt að horfa framhjá umsvifum þessarar einu sjálfsafgreiðslustöðvar félagsins.
241. Samruninn leiðir til bættrar þjónustu við núverandi viðskiptavinum Orkunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þeir munu geta átt viðskipti við félagið á fleiri útsölustöðvum en áður. Þá er hugsanlegt að viðskiptavinir Dælnnar, sem hingað til hafa ekki átt viðskipti við Orkuna eða Skeljung, muni bætast í hóp viðskiptavina félagsins. Viðskiptavinir Dælnnar munu áfram geta sótt eldsneyti á sjálfsafgreiðslustöðvum Orkunnar, sem ella hefði e.t.v. verið lokað. Þá er Dælan með viðskiptakort sem gildir bæði hjá Dælnni og Löðri. Einungis er hægt að fá það í reikningsviðskiptum eins og er, en unnið er að því að koma einnig af stað kortum fyrir staðgreiðsluviðskipti. Markmiðið er að viðskiptavinir geti greitt fyrir þjónustu og vörur hjá báðum félögum með einu og sama kortinu. Kynning á þessu fyrirkomulagi er komin af stað og eru nokkur fyrirtæki í reikningsviðskiptum hjá Dælnni. Viðskiptavinir Dælnnar finna þó áþreifanlega fyrir því að ekki er hægt að nýta kjörin um allt land, enda einungis fimm stöðvum til að dreifa á höfuðborgarsvæðinu. [REDACTED]
242. Að mati samrunaaðila er ljóst að samruninn kemur ekki til með að raska samkeppni á smásölumarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu. Því þurfi ekki að koma til skoðunar hver samþjöppunin á markaðnum verður. Til þess að flýta fyrir rannsókn málsins eins og kostur er þá leggja samrunaaðilar hins vegar fram sitt mat á svokölluðum HHI-stuðli fyrir og eftir samrunann. Þar sem samrunaaðilar hafa ekki nákvæmar upplýsingar um hlutdeild aðila á markaðnum er stuðst við upplýsingar um markaðshlutdeild í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019 og 9/2019. Miðað við þær forsendur áætla samrunaaðilar

að stuðullinn fyrir samruna sé 2.448 stig og markaðurinn teljist samþjappaður.²³ Eftir samruna myndi stuðullinn verða 2.494 stig.²⁴ Þrátt fyrir fyrirvara um nákvæmni þessara útreikninga ætti niðurstaðan að gefa nokkuð góða mynd af því hversu takmörkuð áhrif samruninn kemur til með að hafa. Breyting á stuðlinum er óveruleg, eða einungis 46 stig.²⁵ Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samrunum segir að framkvæmdastjórnin sé ólíkleg til að telja samkeppnisleg vandkvæði leiða af samrunum þar sem HHI-stuðullinn verði kjölfar samruna yfir 2.000 stigum og breyting í stuðlinum lægri en 150 stig, nema í sérstökum tilvikum.²⁶ Slík tilvik eiga ekki við hér að mati samrunaaðila.

243. Hvað varðar áhrif á verð til neytenda reiknar Skeljungur [REDACTED].

244. Samruninn mun jafnframt draga úr áhrifum [REDACTED].

245. Samrunaaðilar telja jafnframt allar líkur á að [REDACTED] gefa til kynna. Verði ekki af samrunanum er hætt við að [REDACTED]. Samrunaaðilar telja engin orsakatengsl milli samrunans og þeirra breytinga sem verða á viðkomandi vöru- og þjónustumörkuðum, ef þær verða þá nokkrar. Þar sem samruninn mun ekki raska samkeppni í skilningi c-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga telja samrunaaðilar að svo stöddu ekki ástæðu

²³ Olís [REDACTED], Skeljungur [REDACTED], Costco [REDACTED], N1 [REDACTED], Atlantsólía [REDACTED] og Dælan [REDACTED]. [REDACTED] + [REDACTED] + [REDACTED] + [REDACTED] + [REDACTED] + [REDACTED] = 2.448.

²⁴ Olís [REDACTED], Skeljungur [REDACTED], Costco [REDACTED], N1 [REDACTED], Atlantsólía [REDACTED]. [REDACTED] + [REDACTED] + [REDACTED] + [REDACTED] + [REDACTED] = [REDACTED].

²⁵ Þó settur fyrirvari um nákvæmni þessara útreikninga um nákvæma markaðshlutdeild hvers félags fyrir sig, en þessi útreikningur samrunaaðila ætti að gefa góða vísbendingu um takmörkuð áhrif samrunans á markaðinn.

²⁶ Leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar (2004/C 31/03), 20. mgr.

til að byggja sérstaklega á kenningu samkeppnisréttarins um fyrirtæki á fallanda fæti. Allur réttur er hins vegar áskilinn í því sambandi.

Aðrir undirmarkaðir olíumarkaðarins

246. Samrunaaðilar telja aðra undirmarkaði olíumarkaðarins ekki eiga eftir að verða fyrir teljandi áhrifum vegna þess að [REDACTED], hvort sem horft er til höfuðborgarsvæðisins eða landsins alls. Heildarmagnið sem Dælan hefur selt hingað til nær ekki [REDACTED], en eins og tölfraði Hagstofunnar ber með sér seldi félagið um [REDACTED] af heildarsölu alls eldsneytis á markaðnum í september 2020. Tölfraðilega er afar ólíklegt að tilfærsla á markaðshlutdeild Dælnnar komi til með að leiða til breytinga á nokkrum hlutum olíumarkaðarins. Því eru hverfandi líkur á yfirtaka Skeljungs á heildsölu, birgðahaldi og dreifingu eldsneytisins komi til með að hafa nokkur áhrif á N1 eða ODR.
247. Þær fimm stöðvar Dælnnar sem kaupin lúta að eru [REDACTED]. Það skilar neytendum litlum sem engum ávinningi. Skeljungur hefur yfir nauðsynlegum innviðum að ráða sem til þarf að reka stöðvarnar með hagkvæmum hætti, allt frá þekkingu tæknimanna til birgðahalds og dreifingar. Viðbótarinnkaup vegna aukins magns munu mögulega geta veitt Skeljungi betri stöðu gagnvart erlendum birgjum, hvort sem um ræðir innkaup á eldsneyti eða hreinsivörum fyrir Dæluna og Löður.
248. Með samrunanum verður Skeljungi veitt betra færi á að veita stóru keppinautum sínum aðhald og tryggja virka samkeppni á markaðnum. Innviðir Skeljungs nýtast betur með auknu magni sem fer í gegnum kerfi félagsins, s.s. birgðatankar og dreifikerfi og draga úr þeim slaka sem nú er til staðar.

9.2. Möguleg áhrif samrunans á markaði fyrir bílaþvott

249. Hvað varðar áhrif samrunans á markað fyrir bílaþvott liggur fyrir að bílaþvottastöðvar Löðurs í Reykjanesbæ og á Akureyri eru reknað [REDACTED] rifti leigusamningi í kjölfar samrunans eða endurnýi hann ekki að loknum gildistíma hefur Löður möguleika á að opna aðra stöð á lóð Orkunnar undir merkjum Löðurs. Ekki er hægt að útiloka að [REDACTED] hefji sjálft rekstur þvottastöðvar eða leiti til þriðja aðila um það verkefni. Með því fjölgar valmöguleikum neytenda sem eykur samkeppni á milli félaganna.
250. Stöðvarnar á Akureyri og í Reykjanesbæ eru ómannaðar. Á höfuðborgarsvæðinu starfa 3-4 eftirlitsmenn á hverjum tíma sem fylgjast með stöðvum Löðurs. Þeir hafa sérfræðiþekkingu sem til þarf að lagfæra vélarnar. Ef upp kemur bilun á stöðvunum utan höfuðborgarsvæðisins, einkum á Akureyri, þarf að senda starfsmann þangað. Kostnaður við ferðalög, uppihald og gistingu fyrir lagfæringu á einni vél getur þannig orðið of mikill og nærri því þurrkað út framlegð stöðvarinnar þann mánuðinn. Með samrunanum verður hægt að þjálfa starfsfólk Orkunnar í þessum bæjarfélögum til þess að sjá um viðgerðir sem leiðir til sparnaðar í kostnaði og skilar sér í bættum rekstri.

251. Í dag eru engar snertilausar þvottastöðvar í öðrum bæjarfélögum en þar sem Löður hefur starfsemi. Með samrunanum kann Löður að geta boðið upp á þjónustu sína víðar um landið með því að staðsetja þvottastöðvar á lóðum sem Orkan stendur á, t.d. á [REDACTED]. Möguleiki á samnýtingu lóða og starfsfólks getur dregið úr kostnaði við að halda uppi þvottastöð í bæjarfélögum sem eru fjær höfuðborgarsvæðinu og þannig stuðlað að auknu framboði á bílaþvottastöðvum fyrir þá sem búa á landsbyggðinni.
252. Með samrunanum vonast Skeljungur til þess að auka almennt við þjónustu viðskiptavina sinna og Orkunnar. Til að mynda er nú vísað til eldsneytisstöðvanna sem þjónustustöðva og er hugmynd Skeljungs að viðskiptavinir geti notið samlegðaráhrifa af eignarhaldi á Löðri. Þannig væri hægt að bjóða viðskiptavinum með einum eða öðrum hætti upp á afslætti á bílþrífum gegn því að vera viðskiptavinur Orkunnar eða í formi annars konar fríðinda. Með því væri hægt að efla viðskipti hjá sameinuðu félagi og auka arðsemina að sama skapi.

9.3 Möguleg áhrif samrunans á markað fyrir innflutning og sölu hreinsiefna fyrir bílaþvott

253. Markaður fyrir heildsölu á hreinsiefnum hér á landi og erlendis er mjög kvikur og mikill hreyfanleiki á viðskiptavinum sem leita að nýjum vörum, sem eru í sífelldri þróun. Sem dæmi má nefna að hjá Löðri eru í prófun vörur sem framleiddar eru [REDACTED]. Með samrunanum mun Skeljungur taka yfir innflutning fyrir Löður og að því leytinu til leiðir samruninn til lóðréttar samþættingar. Það kann að leiða til lægra verðs þar sem Skeljungur gæti fengið betri verð í krafti stærðar sem aftur gagnast neytendum.
254. Hingað til hefur Löður flutt inn öll efni sem það notar í rekstrinum að [REDACTED]. Færast innkaup Löðurs frá [REDACTED] til Skeljungs getur það styrkt stöðu Skeljungs lítilega gagnvart stærstu aðilunum á markaðnum, sem eru N1, Olís (Mjöll-Frigg) og Tandur. Í ljósi þess hversu lítið magn Skeljungur selur [REDACTED] og þeirrar staðreyndar að markaðurinn hleypur á nokkrum milljónum lítra, er ljóst að viðbótartakhlutdeild vegna innkaupa Löðurs á tveimur vörum muni ekki leiða til merkjanlegra áhrifa á markaðinn.

X. KAFLI

Samstarfsáhrif sameiginlegs verkefnis

255. Ekki er um að ræða samruna í skilningi d-liðar 2. gr. reglnanna, sbr. d-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

XI. KAFLI

Viðbótartakmarkanir

256. Eitt af skilyrðum kaupsamningsins var að [REDACTED]

[REDACTED] Engar aðrar viðbótartakmarkanir leiða af kaupsamningnum.

XII. KAFLI

Yfirlýsing

257. Sjá undirritaða yfirlýsingu forsvarsmanna samrunaaðila á fskj. 31.

XIII. KAFLI

13.1. Afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvirkjandi samrunann

258. Sjá kaupsamning á fskj. 3.

13.2. Afrit af ársreikningum þeirra félaga sem að samrunanum standa fyrir tvö undanfarandi ár

259. Ársreikningar aðila fyrir árið 2020 eru ekki tilbúnir. Meðfylgjandi eru ársreikningar Skeljungs fyrir árin 2018-2019 á fskj. 32. Ársreikningur Port I fyrir 2019 er á fskj. 33. Ársreikningur Dælnnar fyrir 2019 er á fskj. 34. Ársreikningar Löðurs fyrir árin 2018-2019 eru á fskj. 35.

13.3. Afrit af fundargerðum stjórnar, eða öðrum samskiptum stjórnenda, þar sem rætt hefur verið um samrunann

260. Á fskj. 36 má sjá afrit af fundargerðum sem stafa frá Skeljungum þar sem rætt var um samrunann og fylgigögnum sem þar voru lögð fram. Nánar tiltekið er um að ræða:

- Fundargerð stjórnar Skeljungs frá 12. ágúst 2020 (fundur nr. 724). Fyrir fundinn var lagt kynningarefnið „Port I ehf., - yfirlit yfir félögin sem tilheyra Port“.

[REDACTED]

- Fundargerð stjórnar Skeljungs frá 16. september 2020 (fundur nr. 725). Fyrir fundinn var lögð dagskrá þar sem fram koma upplýsingar um samrunann. [REDACTED]

[REDACTED]

- Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 5. október 2020 (fundur nr. 56), sjá fskj. 29.

- Fundargerð stjórnar Skeljungs frá 28. október 2020 (fundur nr. 727). [REDACTED]

[REDACTED]

- Fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 24. nóvember 2020 (fundur nr. 66). [REDACTED]

- Fundargerð stjórnar Skeljungs frá 26. nóvember 2020 (fundur nr. 732). [REDACTED]

261. Engar sérstakar fundargerðir voru ritaðar á vettvangi Port I í aðdraganda samrunans. Eins og sjá má af fundargerð aðalfundar frá 14. maí 2020 (fskj. 37) [REDACTED]. Þá er meðfylgjandi samantekt á samskiptum stjórnarformanns og framkvæmdastjóra Löðurs og Dælnnar frá upphafi reksturs Dælnnar á fskj. 38.

13.4. Afrit af öllum greiningum, skýrslum, rannsóknnum, könnunum, minnisblöðum eða þess háttar sem á einhvern hátt tengjast samrunanum eða undirbúningi hans

262. Á fskj. 36.1.2 er greining á Port I sem unnin var í aðdraganda samrunans. Á fskj. 36.5.2 er samantekt vegna samrunans og á fskj. 39-40 eru lagalegar og fjárhagslegar áreiðanleikakannanir sem Skeljungur lét vinna vegna undirbúnings samrunans. Beðist er velvirðingar á að þessi gögn hafi ekki fylgt fyrri samrunaskrá, en mannlegum mistökum var þar um að kenna.

13.5. Afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknnum, könnunum, minnisblöðum eða þess háttar sem aðilar samrunans hver um sig hafa gert eða látið gera undanfarin tvö ár varðandi hugsanleg áform þeirra um að hefja eða auka starfsemi á mörkuðum þar sem þeir hafa lítt eða ekki starfað áður

263. Samrunaaðilar hafa ekki látið framkvæma greiningar sem falla hér undir. Á fskj. 41 eru greiningar sem Skeljungur keypti frá Gallup um stöðuna á eldsneytismarkaðnum í nóvember 2019, maí 2020 og nóvember sama ár.

13.6. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum án trúnaðar

264. Sjá afrit á minnislykli.

13.7. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum á stafrænu læsilegu formi

265. Sjá afrit á minnislykli.

13.8. Afrit af greiðslukvittun vegna samrunagjalds

266. Sjá fskj. 2

Önnur atriði

267. Í b-lið 17. mgr. bréfs Samkeppniseftirlitsins frá 11. janúar 2021 var óskað eftir „öllum fyrirliggjandi gögnum síðastliðinna þriggja ára frá Skeljungu og Porti I sem varða þá starfsemi, þjónustu eða markaði sem samruninn kann að hafa áhrif á. Er hér átt við hvers konar greiningar, tölvupósta, minnisblöð, skýrslur, kannanir og/eða aðrar upplýsingar. Með greiningum á markaði er m.a. átt við mat á samkeppni (s.s. markaðshlutdeild), mat eða umfjöllun um keppinauta eða viðskiptavini, umfjöllun um sölustefnu, auglýsingar, verð og verðþróun á eigin þjónustu eða keppinauta eða hvers konar markaðsáætlanir, s.s. mögulega innkomu á markaði. Minnisblöð, tölvupóstar, skýrslur og önnur gögn sem fjalla um þessi málefni falla hér undir.“ Samrunaaðilar telja sig hafa fullnægt beiðni Samkeppniseftirlitsins með þeim gögnum sem fylgja samrunaskrá þessari auk neðangreindrar umfjöllunar um greiningar á markaði, sem voru tekin saman í tilefni af beiðni stjórnvaldsins.


Verðstefna

268. Í upphafi árs 2018 rak Skeljungur 65 bensínstöðvar undir nafni Skeljungs, Orkunnar og Orkunnar X, ásamt nokkrum dísil afgreiðslustöðvum sem voru eingöngu fyrir viðskiptavini Skeljungs á fyrirtækjamaarkaði. Verðstefnan var misjöfn en almennt voru stöðvar undir merki Skeljungs með hærri verð en Orkan og OrkanX, enda meiri þjónusta veitt hjá Skeljungu. Bæði Skeljungur og Orkan buðu einstaklingum og fyrirtækjum afsláttarkjör, en þar sem OrkanX var ódýrust voru engir afsláttir þar í boði.

269. Í byrjun september 2019 ákvað Skeljungur að einfalda framboð sitt á markaðnum og fækka vörumerkjum þannig að OrkanX og Skeljungur voru lögð niður sem sérstakar bensínstöðvar. Allar stöðvar félagsins hafa frá því verið reknar undir merkjum Orkunnar. Á sama tíma var tekin ákvörðun um að Orkan myndi bjóða upp á ódýrasta eldsneytið í öllum landshlutum samkvæmt landshlutaskiptingu á heimasíðunni www.gsmbensin.is. Sú stefna er enn í gildi en auk þess er leitast við að halda almennum verði Orkunnar undir almennum verðum keppinautanna. Með því er reynt að undirstrika að Orkan bjóði hagstæðustu kjörin og sé ódýrust óháð landshlutum.

Innkaupasamningar

270. Engar skýrslur eða greiningar liggja fyrir hjá [



271. Í seinni tíð hefur Skeljungur lagt sívaxandi áherslu á kröfur um umhverfisþætti innkaupa og dreifingu eldsneytis. Með því er vísað til hlutfalls eldsneytis sem ekki er jarðefnaeldsneyti. Þessi áherslubreyting hefur flækt ferlið og leitt til hærri kostnaðar við birgðahald og dreifingu. Nær öruggt má telja að þessi atriði fái enn meira vægi í innkaupum Skeljungs á næstu árum. Kröfum um umhverfisþætti hefur verið mætt með því að blanda ethanoli í bensín en Skeljungur hefur einnig keypt sífellt meira magn af lífdísil (e. *bio diesel*), bæði hreinu og

forblönduðu. Skeljungur leggur mikla áherslu á að hafa augun opin gagnvart nýjum tækifærum á eldsneytismarkaði.

Listi yfir öll fylgiskjöl með samrunaskrá:

1. Umboð, dags. 14. og 15. desember 2020.
2. Kvittun fyrir greiðslu samrunagjalds, dags. 5. desember 2020.
3. Undirritaður kaupsamningur frá 27. nóvember 2020 **TRÚNAÐARMÁL**
4. Kaupsamningur BBL 104 ehf. og Festi hf. um Dæluna. **TRÚNAÐARMÁL**
5. Fjárfestakynning á ársuppgjöri Skeljungs fyrir árið 2020. **TRÚNAÐARMÁL.**
6. Opinbert tilboðsyfirlit vegna yfirtökutilboðs Strengs hf. frá 6. desember 2020.
7. Tilkynning Skeljungs til Kauphallarinnar frá 5. janúar 2021.
8. Tilkynning Skeljungs til Kauphallarinnar frá 7. janúar 2021.
9. Skýrsla tilnefningarnefndar 2021 vegna framboðs í stjórn Skeljungs.
10. Upplýsingar úr Lánstrausti um eignarhald Strengs ehf. (Strengur Holding).
11. Upplýsingar úr Lánstrausti um eigendur 365 hf. og eignarhald þess í öðrum fyrirtækjum.
12. Samningur Skeljungs við Costco frá 2017, ásamt viðauka. **TRÚNAÐARMÁL.**
13. Samningur Skeljungs og Orku náttúrunnar ohf. frá 15. maí 2017.
14. Leigusamningur Löðurs vegna Stekkjarbakka 2. **TRÚNAÐARMÁL.**
15. Leigusamningur Löðurs vegna Dalvegs 22. **TRÚNAÐARMÁL.**
16. Leigusamningur Löðurs við Skeljung. **TRÚNAÐARMÁL.**
17. Leigusamningar Löðurs við Olís. **TRÚNAÐARMÁL.**
18. Leigusamningar Löðurs við N1. **TRÚNAÐARMÁL.**
19. Sýnishorn af reikningum vegna innkaupa Löðurs. **TRÚNAÐARMÁL.**
20. Upplýsingar úr Lánstrausti um eignarhald Skeljungs í öðrum félögum.
21. Könnun á bílaþvottamarkaði frá desember 2016.
22. Tengiliðaupplýsingar fyrir birgja Skeljungs. **TRÚNAÐARMÁL.**
23. Tengiliðaupplýsingar fyrir birgja Dælnnar og Löðurs. **TRÚNAÐARMÁL.**
24. Tölvupóstsamskipti Skeljungs og Samkeppniseftirlitsins í júlí 2020. **TRÚNAÐARMÁL.**
25. „*Meðmælavísitalan*“ fyrir árið 2020. **TRÚNAÐARMÁL.**
26. Vörumerkjameiðing frá 2020. **TRÚNAÐARMÁL.**
27. Minnisblað N1 frá október 2018. **TRÚNAÐARMÁL.**
28. Vörumerkjakönnun fyrir Dæluna frá júlí 2020. **TRÚNAÐARMÁL.**
29. Bréfaskipti Reykjavíkurborgar og Skeljungs frá 2019. **TRÚNAÐARMÁL.**
30. Afrit af fundargerð framkvæmdastjórnar Skeljungs frá 5. október 2020. **TRÚNAÐARMÁL.**
31. Yfirlýsing forsvarsmanna samrunaaðila skv. XII. kafla samrunaskrár.
32. Ársreikningar Skeljungs fyrir árin 2018-2019.
33. Ársreikningur Port I fyrir 2019.
34. Ársreikningur Dælnnar fyrir 2019.
35. Ársreikningur Löðurs fyrir 2019.
36. Afrit af fundargerðum stjórnar og framkvæmdastjórnar Skeljungs auk fylgigagna. **TRÚNAÐARMÁL.**
37. Afrit af fundargerð aðalfundar Port I ehf. frá 14. maí 2020. **TRÚNAÐARMÁL.**
38. Samantekt á samskiptum stjórnarformanns og framkvæmdastjóra Löðurs og Dælnnar.
39. Lagaleg áreiðanleikakönnun á Port I, Löðri og Dælnni. **TRÚNAÐARMÁL.**
40. Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun á Port I, Löðri og Dælnni. **TRÚNAÐARMÁL.**
41. „*Eldsneytispakkar*“, greiningar frá Gallup fyrir árin 2017-2020. **TRÚNAÐARMÁL.**